

ÚTTEKT Á STARFSEMI

leikskólans Lautar í Grindavík

Unnið á vegum Násmatsstofnunar fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneytið

10. júní 2013

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Ingunn Vilhjálmsdóttir, Arndís Vilhjálmsdóttir og Svava Bernhard
Sigurjónsdóttir

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaður og ráðgjöf fyrir Námsmatsstofnun. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, starfsmönnum sveitarfélagsins, fræðslunefnd og skólaskrifstofu fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 10. júní 2013

Ingunn Vilhjálmisdóttir, Arndís Vilhjálmisdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir.

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	5
1. INNGANGUR	7
1.1. GAGNAÖFLUN	7
2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS	8
2.1. HELSTU EINKENNI LEIKSKÓLANS	8
2.2. SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGSINS.....	8
2.3. HUGMYNDAFRÆÐI, STEFNA OG HELSTU ÁHERSLUÞÆTTIR LEIKSKÓLANS.....	9
2.4. INNLEIÐING LAGA OG REGLUGERÐA OG HAGRÆÐINGARÆÐGERÐIR.....	10
2.5. HÚSNÆÐI SKÓLALÓÐ OG AÐBÚNAÐUR.....	10
2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður	10
2.5.2. Skólalóð	11
2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir	11
2.6. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	12
3. STJÓRNUN OG REKSTUR	14
3.1. STJÓRNSKIPULAG OG SKIPURIT	15
3.2. STARFSÁÆTLUN	16
3.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	16
4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA	18
4.1. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS.....	18
4.2. TENGL SKÓLASTIGA	19
4.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	19
5. MANNAUÐUR	21
5.1. MÓTTAKA NÝLIÐA.....	22
5.2. STARFSÞJÁLFUN OG SÍMENNTUN	22
5.3. FUNDIR OG BOÐSKIPTI	22
5.4. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	23
6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN	25
6.1. NEMENDUR.....	25
6.2. DAGLEGT STARF LEIKSKÓLANS.....	25
6.3. LEIKUR OG NÁM.....	26

6.4. LEIKEFNI OG EFNIVIÐUR	27
6.5. LÍÐAN NEMENDA.....	28
6.6. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	29
6.7. SAMSKIPTI AGI OG HEGÐUN.....	29
6.8. SKÓLAPRÓUN.....	30
6.9. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	31
7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI	33
7.1. STARFSANDI OG SAMSKIPTI.....	33
7.2. JAFNRÉTTI	34
7.3. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	34
7.4. EINELTI.....	35
7.5. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	35
8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA.....	37
8.1. SAMÞÆTT OG SKAPANDI SKÓLASTARF.....	37
8.1.1. Námsvið leikskóla	38
8.2. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	39
9. INNRA MAT	40
9.1. FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ	40
9.2. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	41
9.3. EFTIRFYLGNI OG KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	41
9.4. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	42
10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL	43
10.1. FORELDRARÁÐ.....	43
10.2. FORELDRAFÉLAG.....	43
10.3. LÝÐRÆÐI OG ÞÁTTTAKA.....	44
10.4. SAMSKIPTI VIÐ HEIMILI OG GRENNDARSAMFÉLAG.....	44
10.5. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	44
11. SÉRKENNSLA BARNNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS.....	46
11.1. SÉRKENNSLA BARNNA.....	46
11.2. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS.....	47
11.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	48
12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS	49
12.1. MAT ÚTTEKTARÆÐILA.....	49

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA.....	51
13.1. STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR.....	51
13.2. ÓGNANIR OG TÆKIFÆRI	52
13.3. TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA.....	53
13.3.1 <i>Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins</i>	<i>53</i>
13.3.2. <i>Tillögur til úrbóta á starfi skólans.....</i>	<i>53</i>
HEIMILDIR.....	55
VIÐAUKAR.....	58
VIÐAUKI 1 -VERKEFNAÁÆTLUN LAUTAR 2012- 2013	58
VIÐAUKI 2– HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI ÚR SKÓLASTEFNU GRINDAVÍKUR.....	59

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Lautar í Grindavík. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum. Sveitarfélagið taldi mikilvægt að fá mat á stjórnun og starfsanda ¹.

Leikskólinn Laut tók til starfa árið 1977. Í leikskólanum eru 98 börn og 30 starfsmenn, einn karl og 29 konur, þ.a. 30 % leikskólakennarar. Starfsmannavelta árið 2012 var 13%. Deildirnar eru fjórar og yngstu börnin eru fædd árið 2012. Skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt í mars 2010. Leikskólinn starfar eftir uppbyggingarstefnunni, *Uppeldi til ábyrgðar*. Stjórnendur tóku ákvörðun um stefnuna en allir starfsmenn komu að þróun og innleiðingu. Helstu áhrif hagræðingaradgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að minna svigrúm er til fundarhalda og aðhald er í efniskaupum og fjölda stöðugilda.

Leikskólinn uppfyllir hvorki lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað né kröfur starfsmanna og foreldra. Þörf er á viðhaldi skólalóðar, fataklefar eru þröngir, og heimastofur litlar. Rýmingar- og viðbragðsáætlanir liggja fyrir. Fræðslunefnd gegnir hlutverki sínu vel og heldur reglulega fundi. Ekki ríkir sátt um stjórnun skólans en skólabragur er jákvæður og starfslýsingar fyrir flesta starfsmenn liggja fyrir. Starfsmannahandbók er til og aðgengileg starfsmönnum en betur mætti kynna innihald hennar. Verkferlar eru til en þurfa að vera skriflegir í meira mæli. Aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólans er ekki nægileg þá sérstaklega eftirfylgni. Skriflegt mat um skólann er framkvæmt en betur mætti huga að úrvinnslu og framsetningu matsins.

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2005. Hún var endurskoðuð síðast árið 2010 en ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólanámskráin hefur ekki verið aðlöguð að aðalnámskrá 2011 né lögum og reglugerðum frá árinu 2008. Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu verkefni allra skóla sveitarfélagsins um gerð nýrrar skólanámskrár ásamt því að endurskoða skólastefnu sveitarfélagsins. Þörf er á að skilgreina betur aðkomu foreldra við gerð skólanámskrár.

Tengsl milli skólastiga eru góð og samstarf er við grunnskóla sveitarfélagsins. Sí- og endurmenntunaráætlun liggur fyrir en starfsmenn virðast ekki meðvitaðir um tilvist hennar. Endurmenntun starfsfólks skólaárið 2012 - 2013 snýr að fræðslu um gerð nýrrar námskrár, námskeið og fyrirlestrar um *Uppeldi til ábyrgðar* og námsferð erlendis. Starfsmannasamtöl fara fram á leikskólanum. Vinnslu og eftirfylgni þeirra hefur verið

¹ Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Laut

ábótavant til þessa en fer batnandi með samræmdu ferli sveitarfélagsins í tengslum við starfsmannasamtöl. Óformlegt ferli um móttöku nýrra starfsmanna liggur fyrir, þörf er á að það sé skriflegt. Fundir eru með ágætum en boðskiptum er þó ábótavant. Dagskipulag liggur fyrir. Aðlögun barna hefur gengið vel. Leikskólinn hefur að einhverju leiti sett sér námsmarkmið, en skortur er á að þau séu sett fram með markvissum hætti og að starfsfólk sé upplýst um þau. Agastefna liggur fyrir, *Uppeldi til ábyrgðar*, en ekki er samræmi í aga og hegðunarmálum milli deilda. Vægi frjálsa leiksins er nægilegt.

Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans virðist vera með ágætum. Vel er staðið að heilbrigði og velferð, áhersla er lögð á á fræðslu, hreyfingu og almenna vellíðan, fjölbreytt mataræði, mikilvægi næringar og fl. Innra mat á leikskólanum er til staðar en það er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 né 2011. Skortur hefur verið á ytra mati sveitarfélagsins sbr. lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Foreldraráð er í leikskólanum og foreldrafélag er virkt og stendur m.a. fyrir páskaeggjaleit, listaverkasýningu barnanna og jólaballi. Mikið samstarf er við grenndarsamfélagið. Leita mætti leiða til að virkja foreldra til þátttöku í starfi leikskólans. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustuna en bæta mætti utanumhald, verkferla og eftirfylgni í framhaldi af greiningu. Samstarf er við heilsugæsluna.

Leikskólinn er hvattur til að endurskoða verkferla skólans og kynna þá öllum hagsmunaaðilum, stjórnendur hans hugi að bættum stjórnunar- og starfsháttum, aðkoma og aðgengi foreldra að skólanámskrá verði aukin, starfslýsingar þar sem verka- og ábyrgðaskipting kemur skýrt fram verði til fyrir öll störf, þær kynntar fyrir starfsfólki og verði þeim aðgengilegar, áætlanir, stefna og handbækur verði endurskoðaðar reglulega með þátttöku starfsmanna og kynntar hluthafandi aðilum að þeirri vinnu lokinni. Skólinn setji sér stefnu um val á leikefni og efnivið, þátttaka barna, starfsmanna og foreldra verði aukin, skólinn setji sér skrifleg námsmarkmið sem starfsmenn hans eru upplýstir um og liggja til grundvallar í innra mati skólans, endurskoða þarf hvernig tekið er á eineltismálum, nýjar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri verði skoðaðar og innra mat verði framkvæmt innan skólans í samræmi við aðalnámskrá, lög og reglugerðir. Lagt er til að sveitarfélagið auki eftirlitshlutverk sitt m.a. með ytra mati, leiti leiða til að sátt ríki innan leikskólans um stjórnun hans, aðstoði stjórnendur til að eflast í starfi, stuðlað verði að því að auka hlutfall faglærðra starfsmanna innan leikskólans og leiti leiða svo niðurskurður hafi ekki áhrif á faglegt starf.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Lautar í Grindavíkurbæ. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008* og skv. þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum ².

Námsmatsstofnun fól Attentus – mannaúði og ráðgjöf að gera úttektina ³. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Laut og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, umsjónarmann sérkennslu, fjóra deildarstjóra, einn kennara, 15 starfsmenn, átta börn og átta foreldra. Þá var fundað með fjórum fulltrúum fræðslunefndar, bæjarstjóra og fjórum fulltrúum frá skólaskrifstofu (leikskólaráðgjafa, sálfræðingi, félagsráðgjafa og sérkennslufulltrúa). Alls var rætt við 48 einstaklinga. Þess má geta að aðeins einn kennari var við vinnu þann dag sem úttektaraðilar ræddu við fagfólk leikskólans. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum og húsnæði og lóð skoðuð.

Markmið með viðtölum, vettvangsskoðun og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat Námsmatsstofnunar beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gögn voru misjöfn að gæðum. Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

² Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Laut

³ Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Laut

2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Leikskólinn Laut er við Laut 1 í Grindavík. Leikskólinn hóf starfsemi sína árið 1977. Lengst framan af starfaði hann sem tveggja deilda leikskóli. Árið 1992 var byggt við skólann og starfaði hann um níu ára skeið sem þriggja deilda skóli. Frá árinu 2001 var Laut tveggja deilda leikskóli og bauð upp á sveigjanlegan vistunartíma fyrir börn á aldrinum átján mánaða til sex ára aldurs. Þann 22. maí 2006 fékk Laut nýtt húsnæði fyrir starfsemi sína og hefur í dag fjórar deildir/heimastofur. (1)

2.1. Helstu einkenni leikskólans

Heimastofur Lautar eru nefndar Múli, Eyri, Hagi og Hlíð. (2) Leikskólinn er aldurskiptur þannig að tvær heimastofur eru með börn á aldrinum átján mánaða til þriggja ára og tvær stofur fyrir þriggja til sex ára börn. (3) Nemendur eru alls 98. Við leikskólann starfa 30 starfsmenn þar af eru 9 leikskólakennarar, 16 leiðbeinendur og 4 starfsmenn í eldhúsi og þrifum. Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi. Kynjaskipting starfsfólks er 1% karlar og 99% konur. (4) Laut byggir sérstöðu sína í uppeldisstarfinu m.a á því að skólinn er í nálægð við náttúruna og sjóinn. Laut er í grónu sjávarplássi, stutt er í fjöru og ferðir út í náttúruna. (1)

2.2. Skólafélag sveitarfélagsins

Skólafélag sveitarfélagsins, Grindavíkurbæjar, var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 10. mars 2010 en henni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólafélagi bæjarins. Markmið hennar var að skapa framtíðarsýn í málaflokknum til næstu þriggja ára ásamt því að vera málefnalegur grundvöllur að umfjöllun um skólafélagið í sveitarfélaginu. Helstu áhersluatriði stefnunnar má sjá nánar í viðauka tvö. Að auki inniheldur skólafélagið sérstakan kafla um leikskólann þar sem fram kemur að aðalmarkmið sveitarfélagsins sé að „Skapa öruggt umhverfi sem eykur möguleika nemenda til náms og þroska á forsendum hvers og eins“. Einnig eru tilgreindar leiðir að þessu markmiði svo sem eins og að starfið einkennist af hlýju, umhyggju og fagmennsku og að lögð verði áhersla á einstaklingsmiðað nám. Megin áhersluatriði sveitarfélagsins í ytra mati er að skólar innleiði sjálfsmatsaðferðir sem eru í samræmi við lög og geri hagsmunaaðilum kleift að meta skólafélagið og árangur þess. Tilgreindar leiðir að þessu markmiði eru eftirfarandi: (5)

- hver skóli meti á reglubundinn hátt árangur og gæði skólafélagsins með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Stjórnendur tryggi úrvinnslu, kynni niðurstöður og beri
- ábyrgð á gerð umbótaáætlana
- forstöðumönnum stofnana verði kynntar hugmyndir að stefnumiðaðri árangursstjórnun og notkun stefnu- og skorkorta

- *úttektir og ytra mat sveitarfélagsins á skólastarfi sé virkt og eðlilegur þáttur í að þróa og efla starfsemi þess*
- *skólar í Grindavík eigi kost á ráðgjöf vegna mats á skólastarfi.*

Skólafélag sveitarfélagsins er nú í endurskoðun og hafa íbúar, foreldrar, fulltrúar frá leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla ásamt fulltrúum frá bænum aðkomu að gerð hennar, að sögn fulltrúa sveitarfélagsins. Drög verði gerð að stefnunni sem síðan verði kynnt hagsmunadilum á íbúafundi. Sveitarfélagið hefur starfsmanna- og jafnréttisstefnu. Starfsmannastefnan var endurskoðuð í október 2012. Einstaka kaflar stefnunnar eru nú í endurskoðun. Ennfremur er jafnréttisstefna sveitarfélagsins nú til endurskoðunar. [8]

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur leikskólans

Laut hefur ákveðið að vinna í anda uppbyggingarstefnunnar, *Uppeldi til ábyrgðar*. Árið 2006 var ákveðið að hefja innleiðingu stefnunnar. Deildarstjórar, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, tóku ákvörðun um stefnuna en allir starfsmenn komu að þróun og innleiðingu. Frá innleiðingu hefur kerfið verið þróað og aðlagð að starfsemi leikskólans hverju sinni. (6) Uppbyggingarnefnd fundar reglulega og skipuleggur starfið framundan og um hvað betur má fara. Leikskólinn Laut sótti formlega um að vera *Skóli á grænni grein* 30. mars 2009 og fékk *Grænfanann* í maí 2011. Umhverfisnefnd fundar reglulega og fer yfir stöðuna hverju sinni. (7)

Uppeldisáherslur eru sýnilegar í einkunnarorðum leikskólans sem eru *gleði, hlýja og virðing* og leikskólaperlum. Þar kemur fram að barnið sé í innsta hring, næst barninu sé þroski, færni, reynsla og þekking. Því næst komi athafnir daglegs lífs svo sem hreinlæti, borðsiðir, svefn, hvíld og frágangur. Leikurinn, vináttan, samskipti og umburðarlyndi. Námssviðin komi síðan utan um, tónlist, samfélag, myndsköpun, hreyfing og menning. Utan um það komi síðan sjálfstæði, jafnrétti, umönnun, samskipti, lífsleikni og lýðræði. Í leikskólanum er unnið, skv. skólanámskrá, með lífsleikni í gegnum allt uppeldisstarfið. (3)

Unnið er eftir hefðbundinni skipulagðri dagskrá. Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 en að sögn stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins eru tengsl milli hennar og skólafélagstefnu sveitarfélagsins. Þeir benda þó á að verið sé að vinna að endurskoðun á skólafélagstefnu sveitarfélagsins og lögð verði áhersla á samræmingu þar sem allir séu að tala saman. (8) (9) (10) Að sögn allra starfsmanna eru þeir upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans og hún hafi verið endurskoðuð reglulega og breytt eftir þörfum með þátttöku þeirra, m.a. séu nú í gangi námskeið um uppbyggingarstefnuna. Deildarstjórar benda þó á að ekki hafi verið nægilega vel upplýst um stefnuna en verið sé að vinna í því núna. Að sögn allra starfsmanna er stefna og hugmyndafræði skólans aðgengileg á heimasíðu hans og einnig séu aðgengilegar bækur og bæklingar til kynningar fyrir foreldra og starfsmenn. (11) (12) Í viðhorfskönnun foreldra sem unnin var í okt. – nóv. 2012 kemur fram að 65,5% foreldra er mjög sátt við uppeldisstefnu leikskólans og 32,2% frekar sátt, 2,3% eru hlutlaus. (13)

2.4. Innleiðing laga og reglugerða og hagræðingaraðgerðir

Að sögn stjórnenda hafa lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir hvorki falið í sér miklar breytingar á skólastarfinu né aukinn kostnað. Fremur sé lögð áhersla á niðurskurð og aukið skriffræði en innleiðingu þeirra. Óljóst er hvort lög og reglugerðir hafa verið innleiddar að fullu að sögn stjórnenda en að þeirra mati unnið í samræmi við lög og reglugerðir. Stjórnendur segja að niðurskurður hafi verið í leikskólanum í kjölfar efnahagshrunsins. Minna svigrúm sé til fundarhalda ásamt því að aðhald sé í efniskaupum og fjölda stöðugilda á leikskólanum. (6) Þessu eru starfsmenn sammála. (11) Þó taka þeir fram að starfsdögum hafi verið fjölgað og öll þjónusta við leikskólann aukin s.s. þjónusta skólaskrifstofu. (6) Að sögn foreldra í rýnihópi hafa hagræðingaraðgerðir haft áhrif á matseðil og efniskaup. Einnig hafi starfsdögum verið fjölgað og gjaldtaka aukin milli klukkan 16:00 – 17:00. (14) Skv. fulltrúum sveitarfélagsins hafa orðið þær breytingar að hækkuð gjaldskrá og fjöldi stöðugilda fari nú eftir reiknilíkani. Einnig sé unnið að því að minnka ræstikostnað. (8) (9)

2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður

Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuádstöðu starfsfólks⁴

Húsnæði skólans er 675 m², þar af 360 m² leikrými og skiptist í fjórar heimastofur, fataherbergi, hreyfi- og listarými, rými fyrir sérkennslu og einstaklingsþjálfun, undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk og viðtalsherbergi, eldhús og búr. Skv. stjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins er húsnæði og útisvæði leikskólans í samræmi við lög og reglugerðir. (6) (8) (9) Lagðar hafa verið fyrir starfsmenn kannanir, m.a. í Ecerskvarða á viðhorfi þeirra til húsnæðis, aðbúnaðar, skólalóðar og útisvæðis en ekki fyrir foreldra, að þeirra sögn. (14) (11) (12)

2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður

Leikskólinn fullnægir ekki kröfum er varðar húsnæði og aðbúnað að sögn stjórnenda, starfsmanna og foreldra. Að þeirra sögn eru fataklefar þröngir, heimastofur litlar og starfsmenn hafi litla möguleika á að skipta einingum húsnæðisins niður. Ennfremur kom fram að ójafn hiti væri í gólfum, loftræsting hafi ekki virkað sem skyldi, það vanti glugga

⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12.gr.

í hurð innandyra og opnanleg fög í fataherbergjum, þörf sé á endurnýjun stóla og breytinga sé þörf á skiptiaðstöðu. (6) (11) (14) (12)

2.5.2. Skólalóð

Lóð skólans er 4300 m². Aðgengi út á skólalóðina er úr fataherbergjum sem og hreyfisal. Leiktæki á skólalóðinni eru sandkassi, rólur, rennibraut, kastali, bátur, körfuboltavöllur og fótboltavöllur. Malbikaðir hjólreiðarstígar liggja um lóðina með umferðarmerkjum. Einnig er grasi gróin brekka. Ennfremur er þar að finna matjurtagarð ásamt gróðurreit, og áhalda- og leiktækjaskúr. (4) Að sögn stjórnenda og starfsmanna leikskólans uppfyllir hann ekki kröfur þeirra um skólalóð og útisvæði. Lóð leikskólans hafi komið illa undan vetri og þörf sé á viðhaldi. Einnig að kastali uppfylli ekki kröfur um hæð, steypuklumpar standi upp úr sandkassa, hellur ójafnar, mikið sé um möl, börn geti opnað lása á girðingu o.fl. (6) (12) (11) Foreldrar í rýnihópi sögðu að skólalóð og útisvæði uppfylli kröfur þeirra en þó mætti vera meira um opinn efnivið umfram lokaðan (s.s. kastala) og þar með „hvetja börnin til að skapa leikinn sjálf“. (14)

2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins hefur ekki farið fram á leikskólanum. Skv. stjórnendum stendur það þó til bóta þar sem til standi að setja á fót vinnueftirlits- og öryggisnefnd á vegum Grindavíkurbæjar þar sem allar stofnanir bæjarins eigi tvo fulltrúa, öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð. Starfsmaður Öryggismiðstöðvarinnar yfirfer brunavarnir leikskólans árlega. Stjórnendur segja að brunavarnir hafi verið yfirfarnar fyrir árið 2013 en skólanum hafi ekki borist skýrsla með niðurstöðum. Í skýrslu fyrir árið 2011 kom fram ein athugasemd varðandi útisírenu en skv. stjórnendum hefur hún verið lagfærð. (4) Óskað var eftir skýrslu Slökkviliðs Grindavíkur vegna eldvarnareftirlits 30. maí 2013. Skýrslan sem barst úttektaaðilum var dagsett 30. maí 2013. Engar athugasemdir komu fram í skýrslunni. Reglubundið eftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fór fram í júní 2012 og þurfti leikskólinn að bæta úr atriðum eins og merkingu og blöndun hreingerningaefna, öryggismöl o.fl. Að sögn stjórnenda hafa allar athugasemdir eftirlitsins verið lagfærðar. Þó taka þeir fram að þörf sé á að laga aftur rof í jarðvegi við rennibraut og fótboltamörk. (4) BSI á Íslandi⁵ framkvæmdi aðalskoðun á leiksvæði skólans árið 2012 en skoðun fyrir árið 2013 hefur ekki farið fram. Úttektaraðilar óskuðu eftir skýrslu BSI vegna skoðunar 2012 en fengu aðeins hluta hennar eða þrjár síður af tíu. (15)

Að sögn stjórnenda uppfyllir leikskólinn, húsnæðið, skólalóð og aðbúnaður kröfur eftirlitsaðila, leikskólinn hafi fengið fáar athugasemdir frá eftirlitsaðilum en brugðist hafi verið við þeim. (6) Skv. fulltrúum sveitarfélagsins hefur leikskólinn fengið athugasemdir

⁵ BSI á Íslandi er fagild skoðunarstofa frá ISAG og annast aðalskoðun leiksvæða

frá heilbrigðiseftirlitinu en þeim hafi ekki verið nægilega vel fylgt eftir, en fyrirhugaðar séu breytingar sem feli í sér aukna eftirfylgni. Fræðslunefnd er ekki upplýst um skýrslur eftirlitsaðila né kallar hún eftir þeim, að sögn fulltrúa í nefndinni. (9)

Leikskólinn hefur rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna. Hún er aðgengileg í starfsáætlun og upp á vegg inn á deildum, skv. stjórnendum. Að þeirra sögn eru brunaæfingar ekki gerðar reglulega þar sem starfsmenn og börn eru þátttakendur þar sem það hafi ekki verið metið æskilegt með svo ung börn. (6) Starfsmenn sögðu misjafnt hversu vel upplýst starfsfólk er um áætlunina og engar brunaæfingar séu haldnar. Börn eru ekki upplýst um áætlun, að sögn starfsmanna. (12) (11) Skriflegir verkferlar séu til ef slys ber að höndum í leikskólanum en misjafnt er hversu upplýst starfsfólk er um þá. (6) (11) (12) Skyndihjálparnámskeið eru haldin reglulega, að sögn stjórnenda, en tvö ár eru síðan starfsmenn sóttu námskeið. (6) Vinnuverndarnefnd er starfandi fyrir allt sveitarfélagið. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á gerð rýmingaráætlana. Vinnuverndarnefnd vinnur áhættumat. Nú stendur yfir endurskoðun áhættumats undir forystu slökkviliðsstjóra, að sögn stjórnenda. (6)

2.6. Mat úttektaraðila

- Skólastefna sveitarfélagsins var samþykkt árið 2010.
- Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Verið er að vinna að endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins og hvetja úttektaraðilar til að stefna leikskólans verði endurskoðuð og löguð að endurskoðaðri stefnu sveitarfélagsins (þegar hún liggur fyrir), aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og viðeigandi lögum og reglugerðum.
- Starfsmenn eru upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans. Ennfremur hafa þeir haft aðkomu að endurskoðun. Stefna leikskólans og helstu áherslur eru aðgengilegar á heimasíðu hans. Ánægjulegt er að verið sé að bjóða starfsmönnum upp á námskeið um uppbyggingarstefnuna.
- Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að minna svigrúm er til fundarhalda, aðhald er í innkaupum og fjölda stöðugilda ásamt því að gjaldskrá hefur verið hækkuð. Mikilvægt er að gjaldtaka síðdegis verði endurskoðuð þegar kostur er á.
- Leikskólinn uppfyllir hvorki lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað né kröfur starfsmanna og foreldra, þrátt fyrir að stjórnendur telji að svo sé. Til dæmis hefur eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins ekki farið fram á leikskólanum. Aðalskoðun leiksvæðis var framkvæmd árið 2012. Þar sem heildarskýrsla barst ekki úttektaraðilum er ekki hægt að leggja mat á úrbætur í kjölfar hennar. Komið hefur fyrir að börn hafi getað opnað lás á girðingu og steypuklumpar standa upp úr sandkassa ásamt því að annars viðhalds er þörf. Mikilvægt er að húsnæði og aðbúnaður

leikskólans verði tekin út af Vinnueftirlitinu og eldvarnareftirlit sé framkvæmt af Slökkviliði Grindavíkur. Ennfremur að viðeigandi úrbætur verði framkvæmdar í kjölfarið.

- Skólinn hefur rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna. Brunaæfingar eru ekki framkvæmdar reglulega. Börn eru ekki upplýst um áætlunina og misjafnt er hversu vel starfsmenn eru upplýstir. Brunavarnir leikskólans hafa verið yfirfarnar af Öryggismiðstöðinni. Mikilvægt er að reglulegar brunaæfingar verði í leikskólanum svo starfsmenn séu upplýstir og þjálfaðir í réttum viðbrögðum við bruna. Einnig að brunavarnir verði yfirfarnar af lögskyldum aðilum sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt mætti endurskoða þá ákvörðun að ekki sé ráðlegt að framkvæma brunaæfingu með börnum vegna aldurs þeirra.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraradila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraradila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu⁶. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðihjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁷

Rekstraradili leikskólans er Grindavíkurbær. Á vegum hans starfar fræðslunefnd. Fræðslunefnd fer m.a. með málefni leikskólans. Hún er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Fundi nefndarinnar sitja skólastjóri tónlistarskóla, fulltrúi starfsmanna á leikskóla, fulltrúi foreldra barna á leikskólum og fulltrúi leikskólastjóra. Auk þess sitja þar sem áheyrnarfulltrúar skólastjóri grunnskólans, einn grunnskólakennari og einn fulltrúi foreldra grunnskólabarna. Sviðsstjóri félags- og fræðslumála situr einnig fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt (16). Fræðslunefnd heldur mánaðarlega fundi. Fundargerðir fræðslunefndar eru á heimasíðu Grindavíkurbæjar. Þar má sjá að nefndin hefur fjallað um skólanámskrá, sjálfsmat, stjórnun ofl (10).

Leikskólastjóri hóf störf sem slíkur árið 2008. Að sögn stjórnenda hefur leikskólinn í heildina staðist fjárhagsáætlanir en rekstur hans hafi lítillega farið umfram áætlanir. Bæjaryfirvöld hafi ekki gert neinar athugasemdir við rekstur skólans. (6) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hafa verið gerðar athugasemdir við rekstur leikskólans m.a. í tengslum við ofmönnun. (8) Stjórnendur leikskólans geri bæjaryfirvöldum grein fyrir starfinu með því að afhenda þeim gögn sem þeir óska eftir en það séu fremur tölulegar upplýsingar en upplýsingar um faglegt starf leikskólans. (6) Leikskólinn gerir grein fyrir starfi sínu með starfs- og fjárhagsáætlun sem veitt hafi verið endurgjöf á af hálfu bæjarins, skv. fulltrúum hans. (8) (9) Að sögn stjórnenda leikskólans er samvinna við bæjaryfirvöld mjög góð og því eru fulltrúar sveitarfélagsins sammála. (8) (9) (6) Þó benda fulltrúar sveitarfélagsins á að komið hafi upp hnökrar í samskiptum aðila s.s. skortur á eftirfylgni og að lengi hafi verið beðið eftir gögnum frá skólanum, stjórnun sé ekki nægilega skilvirk og verklag ekki samræmt. (8) (9)

⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 5.gr.2.mgr.

⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4 gr.1.mgr.

3.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skv. stjórnendum leikskólans og fulltrúum sveitarfélagsins er stjórnun skólans í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti. Þó taka fulltrúar fræðslunefndar fram að þörf sé á að betrubæta starfshætti í tengslum við stjórnun. (8) (9) (6) Skipurit og starfslýsingar flestra starfsmanna eru til (17) (18) (19) (20) (21) (22). Í skipuriti leikskólans má sjá að leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans. Samkvæmt starfslýsingu hans ber hann ábyrgð á kennslu- og uppeldisstarfi sem og rekstri. Aðstoðarleikskólastjóri heyrir beint undir leikskólastjóra samkvæmt skipuriti og ber samkvæmt starfslýsingu ábyrgð á rekstri leikskólans ásamt leikskólastjóra og er staðgengill hans. Ábyrgðarskipting stjórnenda kemur fram í starfslýsingum. Stjórnendur segja ábyrgðaskiptingu þeirra skýra en hún þurfi e.t.v. að vera skrifleg. (6)

Samkvæmt starfslýsingu bera deildarstjórar ábyrgð á deildarstarfi, deildarfundum og að starf deilda sé í samræmi við skólanámskrá og ársáætlun. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinnur undir stjórn deildarstjóra að uppeldi og menntun nemenda. Ekki er til starfslýsing fyrir starfsmenn í eldhúsi eða ræstingum. Samkvæmt ánægjukönnun meðal starfsfólks leikskólans frá því í mars 2013 (23) segjast 76% þátttakenda vita nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim í vinnunni. Að sögn starfsmanna er misjafnt milli starfsmanna hvort þeir telji hlutverk sín og verkaskipting skýra. (12) (11) Að sögn stjórnenda, deildarstjóra og kennara hentar stjórnskipulag leikskólans stærð hans og verkefnum. (6) (12) Stjórnendur segja að skipurit skólans endurspegli sérstöðu hans og ákvæði laga og reglugerða. Að þeirra sögn er notast við þáttökustjórnun innan skólans og „geti það stundum verið erfitt þegar margir komi að ákvörðun“. Þeir telja þó að almenn sátt ríki um stjórnun leikskólans. (6) Þessu eru starfsmenn ekki sammála. Að þeirra mati skortir stjórnendur innsýn inn í störf deilda, skortur sé á handleiðslu, faglegum stuðningi og endurgjöf, bæta þurfi úr eftirfylgni í kjölfar funda, skortur sé á yfirsýn og boðleiðir séu óskýrar. Ennfremur kom fram það viðhorf að stjórnendum reynist erfitt að „taka á málum“. (11) (12) Skv. fulltrúum sveitarfélagsins er af hálfu bæjarfélagsins ekki sátt um stjórnun skólans. (8) (9)

Ákvarðanatöku innan leikskólans er ekki skilvirk að mati starfsmanna. Hún sé of lýðræðisleg og stjórnendur komi sér undan ákvörðunartöku. (11) (12). Skv. stjórnendum fer ákvörðunartöku yfirleitt fram á deildarstjórafundum. (6) Að sögn stjórnenda og starfsmanna er aðkoma barna að ákvarðanatöku innan skólans í tengslum við matseðil og daglegt starf s.s. val. (6) (11) (12) Starfsmenn segja að verkferlar leikskólans séu skýrir og almenn sátt ríki um þá. (11) (12) Stjórnendur og starfsmenn segjast þó vera sammála um að þörf sé á að betrubæta þá og kynna betur fyrir starfsfólki. (11) (6) Ekki hafa verið lagðar fyrir sérstakar viðhorfskannanir um stjórnun en í ánægjukönnun meðal starfsfólks frá því í mars 2013 (23) kemur fram að 88% þátttakenda segjast fá stuðning frá

yfirmönnum þegar við á. Í könnun meðal foreldra (13) kom fram að 97,7% þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með stjórnun leikskólans.

3.2. Starfsáætlun

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans⁸

Starfsáætlun leikskólans hefur verið gefin út og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans (7). Í henni kemur fram að hún sé byggð á endurmati skólaársins á undan en sé þó í stöðugri þróun og háð breytingum. Helstu verkefni leikskólans skólaárið 2012-2013 snúa að raunhæfri og ábyrgri nýtingu fjármuna, þróun verkferla hvað varðar foreldrasamstarf, upplýsingaflæði, verkefnisins *Uppeldi til ábyrgðar* og þverfaglegs samstarfs, þjónustu við foreldra og börn og að lokum uppbyggingu mannauðs og mannauðsferla (sjá nánar viðauka eitt). Starfsáætlun Lautar inniheldur einnig hagnýtar upplýsingar um leikskólann, stöðþjónustuna, auk umfjöllunar um starfið, uppbyggingarstefnuna, umhverfismennt, foreldrasamstarf, foreldrafélag og ráð, ytra og innra mat, umbótaáætlun, viðbragðs- og rýmingaráætlun, hlutverk skólans og dagatal hans og að lokum umsögn foreldraráðs. Einnig hefur verið gefin út endurmat/ársskýrsla fyrir skólaárið 2011-2012 sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans (24).

Að sögn stjórnenda leikskólans hefur ársskýrsla og starfsáætlun verið skilað til sveitarfélagsins frá árinu 2008. Þó benda þeir á að form skýrslunnar hafi breyst og heiti nú starfsáætlun og endurmat, en þar sé endurmatið líkt og ársskýrsla hafi verið áður. (6) Þessu eru fulltrúar sveitarfélagsins ósammála en þeir greindu frá að leikskólinn hefði ekki skilað eiginlegri ársskýrslu í júní 2012 þegar kallað var eftir henni. Hann hafi þó skilað starfsáætlun og sjálfsmatsskýrslu en þau gögn hafi ekki verið nógu markviss hvorki í „formi til né efni til“. (8) (9)

3.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur að flestu leiti staðist fjárhagsáætlanir. Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð. Auka þarf innra skipulag og eftirfylgni af hálfu stjórnenda leikskólans.
- Starfslýsingar eru til fyrir flestar stöður innan leikskólans. Að mati úttektaraðila er mikilvægt að starfslýsingar séu til fyrir öll störf.
- Samkvæmt stjórnendum er ábyrgðaskipting þeirra skýr en þyrfti e.t.v. að vera skrifleg. Úttektaraðilar benda á að ábyrgðaskipting stjórnenda kemur skýrt fram í

⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008,14.gr.2. mgr.

starfslýsingum þeirra og hvetja stjórnendur til að vinna eftir þeim starfslýsingum ásamt því að upplýsa starfsmenn um þær.

- Hvorki er skýrt meðal allra starfsmanna hvert hlutverk þeirra er né verkaskipting milli starfsmanna. Mikilvægt er að bæta úr því m.a. með því að styðjast við starfslýsingar og upplýsa starfsmenn um innihald þeirra. Verkferlar eru skýrir og ríkir um þá almenn sátt. Mikilvægt er að þeir séu yfirfarnir reglulega og kynntir fyrir starfsfólki.
- Ekki ríkir sátt um stjórnun skólans meðal starfsmanna og fulltrúa sveitarfélagsins. Skv. foreldrakönnun er sátt meðal þeirra með stjórnun skólans. Mikilvægt er að stjórnendur gegni stjórnendahlutverki sínu og reiði sig ekki um of á þáttökustjórnun. M.a. er skortur á eftirfylgni, skilvirkni, endurgjöf, yfirsýn o.fl. Ennfremur er mikilvægt að starfsmenn verði spurðir í auknum mæli um stjórnun í viðhorfskönnunum og þá sé greint á milli deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.
- Starfsmenn og börn hafa aðkomu að ákvörðunartöku. Mikil áhersla hefur verið lögð á þáttökustjórnun innan leikskólans sem hefur komið niður á eftirfylgni og skilvirkni í ákvörðunartöku stjórnenda.
- Leikskólinn hefur sameinað innra mat og ársskýrslu í eitt og nefnist það endurmat. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans ásamt starfsáætlun. Að sögn stjórnenda hefur skólinn skilað ársskýrslu til sveitarfélagsins. Skv. fulltrúum sveitarfélagsins skilaði skólinn ekki ársskýrslu í júní 2012 þegar kallað var eftir henni. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins komi sér saman um fyrirkomulag á ársskýrslu ásamt því að henni verði skilað til sveitarfélagsins ár hvert, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008.

4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar⁹. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið¹⁰.

4.1. Skólanámskrá leikskólans

Skólanámskrá leikskólans Lautar er frá árinu 2005. Hún var endurskoðuð árið 2007 og síðan aftur 2010. Síðasta endurskoðun var ekki sett á heimasíðu skólans en endurskoðun frá 2007 er þar að finna. Að sögn deildarstjóra og kennara hafa allir starfsmenn mikil áhrif á þróun og breytingar á skólanámskránni, „þetta hafi verið mjög virkt“. (12) Starfsmenn taka undir þetta sjónarmið. (11) Námskráin byggir á þeim áherslum sem skólinn hefur valið sem sínar í uppeldisstarfinu. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram stefna skólans og sérstaða, stefna gegn einelti, áföllum og í barnavernd, mat á leikskólastarfi og uppeldisleg skráning, námssvið, lífleikni og sérstakar áherslur í skólastarfi, sérkennsla, foreldrasamstarf og upplýsingar um samstarfsaðila Lautar, hagnýtar upplýsingar o.fl. (3) Skólanámskráin var unnin og endurskoðuð á starfsmannafundum og starfsdögum og komu allir starfsmenn að gerð hennar. (4) (12) (11)

Að sögn stjórnenda fékk Grindavíkurbær árið 2011 styrk frá Sprotasjóði til þess að Grindavíkurbær yrði þróunarsveitarfélag í gerð nýrrar skólanámskrár þar sem öll skólástig í Grindavík tækju þátt, grunnskólar, leikskólar, tónlistarskóli og Fisktækniskóli Suðurnesja. Einnig verður skólafestna sveitarfélagsins endurskoðuð. Sameiginlegir fundir og fyrirlestrar hafa verið haldnir á starfsdögum og starfsmannafundum þar sem fyrirlesarar hafa kynnt grunnstoðirnar í nýrri aðalnámskrá leikskóla. Síðan hafa viðkomandi stofnanir tekið saman hvernig hægt er að vinna með þessa þætti. (4)

Að sögn stjórnenda koma allir starfsmenn að vinnu við nýja skólanámskrá, þótt fagfólk leiði vinnuna. Áætlað sé að hver skóli vinni að sinni námskrá og gefi sér um það bil tvö ár. Að þeirra sögn er leikskólinn kominn vel áleiðis. (6)

Að sögn stjórnenda og starfsmanna endurspeglar skólastarfið núverandi skólanámskrá að flestu leiti en þeir benda á að endurskoðun skólanámskrár hafi verið frestað vegna útgáfu nýrrar aðalnámskrár leikskóla. (11) (6) (12) Að sögn foreldra hafa þeir ekki fengið eintak af skólanámskrá afhent en þeim hefur verið kynnt innihald hennar, hún sé einnig aðgengileg á heimasíðu leikskólans en aðgengi að henni þar mætti vera betra.

⁹ Lög um leikskóla nr.90/2008

¹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

(14) Samkvæmt fulltrúa sveitarfélagsins er leikskólinn *Grænánaskóli* og er það því stefna hans að prenta ekki út efni fyrir alla. (25) Foreldrar sögðust ekki hafa komið að mótun og endurskoðun á skólanámskránni en benda þó á að foreldraráð hafi fengið hana til yfirlstrar. (14) Stjórnendur segja leikskólann ekki hafa skilgreint hver aðkoma foreldra að námskrárgerð á að vera en benda á að áhugi á aðkomu þeirra sé til staðar. Skólanámskrá leikskólans hafi ekki verið aðlöguð að nýrri aðalnámskrá leikskóla frá 2011, né lögum og reglugerðum frá 2008. Skiptar skoðanir komu fram í rýnihópum um hvort skólafélag sveitarfélagsins komi fram í skólanámskránni með skýrum hætti. Að sögn stjórnenda kemur skólafélaginn ekki beint fram, það sé samræming en ekki beinar tilvitnanir. (6) Fulltrúar sveitarfélagsins benda hins vegar á stefnur skólans þ.e. *Uppbyggingarstefnan* og *Grænáninn* séu í samræmi við skólafélag sveitarfélagsins. (25)

4.2. Tengsl skólastiga

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.¹¹

Í skólanámskrá er greint frá tengslum leik- og grunnskóla. Leikskólinn Laut hefur um langt árabil verið í samstarfi við Grunnskóla Grindavíkur um að brúa bilið á milli skólastiga. Á árinu 2001, þegar nýr leikskóli tók til starfa í Grindavík, kom hann inn í samstarfið. Kennarar skólastiganna hittast og skipuleggja hvern vetur fyrir sig. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli skólastiga og sameiginlegir leikja- og íþróttadagar. Haldnir eru skilafundir að vori um hvert barn og samsetningu barnahópsins. (3) Leikskólinn hefur sett sér skrifleg markmið og leiðir með samstarfinu. Börn í elsta árgangi Lautar vinna saman í hópi er nefnist Stjörnuhópur. Þar er meðal annars unnið með bókstafi, stærðfræði og markvissa málörvun. Unnið er með Stjörnuhópi í samstarfi við grunnskólann og leikskólann Krók. (26) Að sögn stjórnenda ríkir mikil sátt innan leikskólans með samstarfið milli skólastiga. Eftirfylgni sé góð og alltaf sé verið að slípa starfið til. Þá sé skólaskrifstofa með sérstök skilablöð sem fylgi börnunum upp í grunnskólann. (6)

4.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn Laut hefur skólanámskrá frá árinu 2005 en hún var endurskoðuð síðast árið 2010 með aðkomu allra starfsmanna. Sú endurskoðun var ekki birt á heimasíðu leikskólans en þar er að finna endurskoðaða útgáfu frá 2007. Úttektaraðilar hvetja til að þetta verklag verði bætt og ávallt séu birtar nýjar endurskoðaðar útgáfur.

¹¹ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

- Vinna er hafin við endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við gildandi lög, aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og skólastefnu sveitarfélagsins sem er í endurskoðun. Aðkoma starfsmanna að vinnunni er skýr og fyrir liggur tímaáætlun. Skilgreina þarf með skýrum hætti aðkomu foreldra að skólanámskrárgerð.
- Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans en bæta má aðgengi að henni.
- Tengsl milli skólastiga eru góð og lögð áhersla á gott samstarf milli leik- og grunnskólans.

5. MANNAUÐUR

Sveitarstjórn eda annar rekstraradili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna¹².

Starfsmenn leikskólans eru 30¹³, þar af 29 konur (96,6%) og 1 karlmaður (3,3%), í 20,12 stöðugildum. Stjórnendur eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fjórir deildarstjórar, þrír fagstjórar og umsjónarmaður sérkennslu. Stjórnendur deila með sér 4,9 stöðugildum. Að auki eru starfandi þrír leikskólakennarar, fjórtán leiðbeinendur, tveir leikskólaliðar, tveir starfsmenn í eldhúsi og tveir í ræstingu. Þessir starfsmenn deila með sér 16,22 stöðugildum. Meðal starfsaldur leikskólakennara er 12,28 ár, en 6,08 ár meðal annars starfsfólks. Starfsmannavelta árið 2010 var 11,24%, árið 2011 9,64% og árið 2012 12,66%. (4) (27). Menntun starfsfólks má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Menntun starfsfólks¹⁴

Menntun	Fjöldi
Leikskólakennari að mennt	9
Framhaldsskólapróf	1
Iðnskólapróf	1
Grunnskólapróf	15
Annað – leikskólaliði	2

Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu en fylgir starfsmannastefnu Grindarvíkurbæjar (28). Samkvæmt stefnunni hefur Grindavík það að markmiði sínu að framlag og þjónustuvitund starfsmanna bæjarfélagsins sé góð og vinnuskilyrði þeirra einnig. Þannig ætlar bæjarfélagið sér að hafa hæfa og áhugasama starfsmenn sem veiti góða þjónustu og geti brugðist við þörfum bæjarbúa sem eru síbreytilegar. Í starfsmannastefnunni eru tilteknir þættir sem starfsmannastefnan tekur til og helstu markmið innan hvers þáttar.

Leikskólinn hefur útbúið starfsmannahandbók fyrir starfsmenn sína (29). Í henni má finna helstu upplýsingar um leikskólann, starfsreglur, umgengni og frágang, fundi og starfsdaga, starfsmannastefnu og hvernig bregðast eigi við áföllum og slysum. Að sögn stjórnenda og starfsmanna er handbókin aðgengileg starfsmönnum en kominn sé tími á endurskoðun. Ennfremur benda starfsmenn á að betur mætti kynna þeim efni hennar. (12) (6) (11) Skv. stjórnendum eru gerðar miklar kröfur til starfsfólks að það vinni skv. starfslýsingum sem séu aðgengilegar í starfsmannahandbók. (6) Starfsmenn eru, að eigin sögn, upplýstir um hlutverk sitt og verkaskipting sé skýr, þá einkum milli almennra og

¹² Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

¹³ Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi vorið 2013

¹⁴ ATH: 28 starfsmenn standa að baki upplýsingum um menntun starfsmanna

faglærðra starfsmanna. Þó sé þörf á að kynna starfslýsingar betur fyrir nýju starfsfólki hverju sinni. (11) (12)

5.1. Móttaka nýliða

Að sögn stjórnenda er móttöku nýliða hagað á þann hátt að við upphaf starfs eiga stjórnendur viðtal við starfsmann þar sem farið sé yfir helstu atriði s.s. stefnu skólans en að því viðtali loknu taki deildarstjóri viðkomandi deildar við. Skv. þeim er ekki til skriflegur verkferill um móttöku nýliða. Hvernig henni er háttað sé einstaklingsbundið og nýliðum oft „hent út í djúpu laugina“. (6) Þessu segjast starfsmenn sammála. (12) (11)

5.2. Starfsþjálfun og símenntun

Símenntunaráætlun var gerð á leikskólanum fyrir skólaárið 2012-2013 (7). Samkvæmt henni samanstendur símenntun starfsfólks af vinnu við gerð nýrrar námskrár, námskeiðum og fyrirlestrum í tengslum við uppbyggingarstefnu skólans og námsferð erlendis. Í áætluninni er einnig tekið fram að reynt verði að bregðast við óskum kennara um að sækja námskeið samkvæmt þeirra vali. Auk þess kemur fram að starfsmannasamtöl verði nýtt sem grundvöllur hugmynda og óska varðandi símenntunaráætlunina. (30) Að sögn stjórnenda geta þeir starfsmenn sem ekki hafa kost á að fara í námsferðina erlendis farið í heimsóknir í aðra skóla og kynnt sér starfsemi þeirra. (6)

Starfsmenn segja að verið sé að búa til símenntunaráætlun leikskólans hjá bænum en henni sé ekki lokið og þar af leiðandi hafi þeim ekki verið kynnt innihald hennar. Starfsmenn greindu þó frá að upplýsingar um námskeið væru settar upp á töflu og sendar þeim í tölvupósti ásamt því að stjórnendur hafi hvatt starfsmenn til að sækja sér aukna menntun. (11) (12) Að sögn deildarstjóra og kennara koma þeir skoðunum sínum er varðar sí- og endurmenntun á framfæri í könnun sveitarfélagsins sem lögð var fyrir, í fyrsta sinn, á starfsdegi og í gegnum samræður sín á milli sem leikskólastjóri bregst svo stundum við. (12) Að sögn almennra starfsmanna er ekki leitað til þeirra þegar kemur að ákvörðun um framboð á sí- eða endurmenntun. (11) Framboð á endurmenntun er, að sögn starfsmanna, nægilegt og „hægur heimagangur sé að fá að fara“. (12) (11)

5.3. Fundir og boðskipti

Skv. starfsmannahandbók Lautar er meginreglan sú að starfsmannasamtöl skuli vera einu sinni á ári og að þar skuli allt það rætt sem viðkemur starfi leikskólans (29). Að sögn stjórnenda hafa starfsmannaviðtöl ekki alltaf verið haldin árlega en nú standi þau yfir. (6) Starfsmenn segja viðtölin hafa farið fram á u.þ.b. tveggja ára fresti, hægagangur hafi verið á þeim og aldrei rætt við alla starfsmenn. Nú hafi hins vegar framkvæmd þeirra verið samræmd fyrir alla starfsmenn bæjarfélagsins. (12) (11)

Í starfsmannahandbók kemur einnig fram að starfsmannafundir skuli haldnir fjórum til sex sinnum á ári til að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina, til undirbúnings og fræðslu. (29) Stuttir daglegir fundir eru haldnir á hverjum morgni með deildarstjórum, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Á þeim fundum er farið yfir daginn. Deildarstjórafundir eru á tveggja vikna fresti, þá fundi sitja deildarstjórar, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Hver deild heldur deildarfund einu sinni í mánuði og þá sitja allir starfsmenn í heimastofu. Fagstjórafundir eru tvisvar í mánuði, einn fyrir eldri heimastofur og einn fyrir yngri, þá fundi sitja deildarstjórar, umsjónarmaður sérkennslu, umsjónarmaður málörvunar, fagstjóri listaskála og fagstjóri hreyfisals. Fagfundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á ári, en þá sitja allir fagmenntaðir starfsmenn skólans. Ennfremur fundar uppbyggingarteymi og umhverfisráð leikskólans fjórum sinnum á skólaári. Skipulagsdagar eru fimm sinnum á ári en þeir eru notaðir m.a. í innleiðingu aðalnámskrár. Stjórnendur leikskólans sitja einnig mánaðarlega fundi með skólaskrifstofu ásamt því að leikskólastjóri situr ýmsa fundi á bæjarskrifstofu. (4)

Á leikskólanum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn í gegnum skilaboðatöflu, morgunfundi, vikupóstum, vikuáætlun og fundargerðum, skv. stjórnendum, deildarstjórum og kennurum. (6) (12) Almennir starfsmenn greindu frá að lítið upplýsingaflæði væri inn á deildirnar og skortur væri á að upplýsingar færu á milli starfsmanna. Helst væri komið upplýsingum til þeirra á skilaboðatöflunni eða í gegnum tölvupóst. (11) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins eru upplýsingafundir haldnir í leikskólanum á hverjum morgni og efni hans skráð í bækur ásamt því að vikupistill sé sendur út í hverri viku. (25)

5.4. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara við skólann er 30%. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur og sveitarfélagið til að stuðla að auknu hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna.
- Starfsmannavelta leikskólans árið 2012 var 13%. Mikilvægt er að mati úttektaraðila að stjórnendur geri áætlun um endurnýjun í starfsmannahópnum. Þá sé velta starfsmanna, s.s. starfslok vegna aldurs, í meira mæli fyrirsjáanleg og hægt að standa betur að undirbúningi og nýliðun ásamt því að hægt er að gera viðeigandi ráðstafanir.
- Leikskólinn fylgir starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Starfsmannahandbók er til á leikskólanum og er hún aðgengileg starfsfólki. Formlegir fundir eru með ágætum. Mikilvægt er að starfsmannahandbók og starfsmannastefna séu endurskoðuð reglulega og kynnt starfsfólki.
- Starfsmannasamtöl fara nú fram árlega og eru þau samræmd fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins. Mikil breyting hefur orðið á fyrirkomulagi starfsmannasamtala og hvetja úttektaraðilar stjórnendur og fulltrúa sveitarfélagsins að halda áfram þeirri vinnu.

- Skólinn hefur ekki skriflegt ferli um móttöku nýliða og er fyrirkomulag móttöku nýliða því einstaklingsbundin. Mikilvægt er að gert verði skriflegt ferli svo tryggt sé að móttaka nýliða sé samræmd og þeir hljóti nauðsynlega fræðslu og þjálfun í starfi.
- Samkvæmt stjórnendum hefur leikskólinn sí- og endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2012 – 2013. Starfsmenn eru ekki upplýstir um þá áætlun og hafa takmörkuð áhrif á gerð hennar. Mikilvægt er að stjórnendur upplýsi starfsmenn um áætlunin og geri öllum starfsmönnum kleift að koma skoðunum sínum um sí- og endurmenntun á framfæri fyrir gerð hennar.
- Stjórnendur styðjast við margar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri við starfsmenn. Misjafnar skoðanir eru meðal starfsmanna um upplýsingaflæði innan leikskólans, þá helst upplýsingar sem eigi að berast inn á deildir eða á milli starfsmanna. Mikilvægt er að stjórnendur endurskoði leiðir til að koma upplýsingum á framfæri með það að sjónarmiði að þær verði skilvirkari og nái til allra starfsmanna.

6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

6.1. Nemendur

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðiþjónustu¹⁵.

Við skólann stunda alls 98 börn nám, 47 drengir og 51 stúlka. Börnin eru frá 18 mánaða aldri (árgangar 2007 - 2011). Flest börn eru fædd árið 2007 en fæst árið 2011. Í töflu 2 og 3 má sjá skiptingu barna eftir deildum og árgangi ásamt fjölda nemenda eftir dvalartíma.

(4)

Tafla 2. Skipting barna eftir deild og árgangi.

Fjöldi barna	Hlið	Hagi	Eyri	Múli	Samtals
Samtals	29	29	19	21	98
2011	0	0	4	5	9
2010	0	0	8	12	20
2009	5	4	7	4	20
2008	9	14	0	0	23
2007	15	11	0	0	26

Tafla 3. Fjöldi barna eftir dvalartíma.

Dvalartími	3-5 klst.	5-7 klst.	7 - 9 klst.	Samtals
Fjöldi barna	6	21	71	98

6.2. Daglegt starf leikskólans

Daglegur opnunartími leikskólans er frá 7:45 – 17:00 og er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma. Á hverri deild er stundaskrá þar sem gerð er nánari grein fyrir starfi deildanna og tímasetningum. Í dagskipulagi allra deilda eru fastir punktar vegna matar, hvíldar og rólegrar stundar. Rætt er um dagskipulag og breytingar á því á deildastjórafundum og deildafundum og að endurmati koma starfsmenn deilda og stjórnendur leikskólans. (6) (11) Skóladagatal og stundaskrá deilda eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans. (31) Aðlögun barna er, skv. foreldrahandbók, einstaklingsbundin en gengið er út frá því að hún taki a.m.k. fimm daga. Leikskólakennari og foreldrar ræða saman um tilhögun aðlögunar og mikilvægi þess að annað foreldri dvelji með barninu í upphafi. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Meðan á aðlögun stendur er áhersla á að foreldrar kynnist kennurum heimastofunnar. Með því er lagður grunnur að samvinnu á milli heimilis og leikskóla. Áhersla er lögð á að barnið tengist einum kennara, verðandi hópstjóra barnsins við upphaf

¹⁵ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

leikskólagoöngu og ber hann ábyrgð á aðlögunarferlinu. Í foreldrahandbók leikskólans er farið yfir ferli aðlögunar á leikskólanum og það er einnig aðgengilegt á heimasíðu hans. (26) (31)

Að sögn stjórnenda og starfsmanna ríkir almenn sátt um hvernig staðið er að aðlögun barna. Þeir benda þó á að þegar stórir hópar barna séu í aðlögun í einu fylgi því mikið álag. Einnig geti brugðið til beggja vona að fá túlk fyrir börn að erlendum uppruna. (11) (6) (12) Foreldrar í rýnihópi sögðust almennt mjög sáttir við hvernig staðið er að aðlögun barna þeirra. (14) Í viðhorfskönnum foreldra kemur fram að 86,2% er mjög sammála að vel sé staðið að aðlögun barna á leikskólanum, 11,5% er frekar sammála og 2,3% hlutlaus. (13) Að sögn stjórnenda hefur leikskólinn ekki sett sér nægilega skýr námsmarkmið en vel sé fylgst með börnunum og foreldrum gerð grein fyrir stöðu þeirra. Skimað sé fyrir frávikum varðandi hreyfifroska og fagstjóri listaskála hafi sett námsmarkmið vegna pennagrips. (6) Deildarstjórar og kennarar sögðu að ástæða gæti verið til að sett væru skýrari námsmarkmið. (12) Foreldrar eru almennt sáttir við fyrirkomulag starfsins. Þeir benda þó á að hafa megi meira samráð við þá varðandi sumarlokanir. (14) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hefur skólinn sett sér fagleg námsmarkmið og komi þau skriflega fram í skólanámskrá hans, „kannski erum við ekki meðvituð og nógu markviss“.

6.3. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum edlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur born.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt¹⁶.

Eins og fram kom að ofan hefur leikskólinn ákveðið að vinna í anda uppbyggingarstefnunnar. Dagskipulag byggir á þeim sérstöku áherslum sem lagðar eru til grundvallar innan leikskólans. Lögð er áhersla á að skapa rými og skipuleggja leikumhverfi. Stærð barnahópsins og efniviður utanhúss og innandyra er miðaður við að leikurinn fái notið sín í uppeldisstarfinu. (3) Í stundaskrá deilda er frjálts leikur frá 08:00 – 09:30 og frá 13:00 – 17:00. Leiknum er ætlaður staður í stundaskránni bæði með flæði/vali og í hópastarfi, eins er leikið mikið úti og inni í óskipulögðum stundum. Að sögn deildarstjóra og kennara verður þó ákveðin röskun á frjálsta leiknum snemma á morgnana og í eftirmiðdaginn þar sem verið er að koma með og sækja börnin á þessum tíma, þetta trufla leikinn. (12) Foreldrar eru að þeirra sögn frekar ánægðir með vægi frjálsta leiksins. (14) Fagstjórar sjá um hreyfingu í sal skólans og hafa umsjón með listaskála. Þeir sjá um skipulagningu og skráningu á frammistöðu barnanna og starfsins. Hver hópur á sinn

16 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 26

ákveðna tíma í viku í hreyfingu og listum hjá fagstjórum. Lögð er mikil áhersla á hreyfingu í formi vettvangsferða, útiveru og hreyfikennslu í sal skólans. Unnið er markvisst með tákni með tali. (3)

Í flæði geta börn á aldrinum 3 - 6 ára notið sín í frjálsum leik ásamt því að hafa val um að leika inni á heimstofunum eða í Rásinni þar sem ákveðin verkefnavinna er í boði. Hópastarf er tvisvar til fjórum sinnum í viku. Börnum er skipt í hóp á eftir aldri. Hver hópur hefur sinn fasta hópstjóra sem ber ábyrgð á öllu skipulögðu starfi innan hópsins. Unnið er með þema sem ákveðið er fyrirfram. Markmið með hópstarfinu eru að gera uppeldisstarfið markvissara, einnig gefst betra tækifæri til að sinna hverjum einstaklingi innan hópsins. (26) Að sögn stjórnenda hefur verið gerð áætlun um læsi í tengslum við dagskipulagið en þar er farið yfir hvernig vinna má að læsi barna í hinum ýmsu stundum þess s. s. útiveru og vettvangsferðum, vinnustund/könnunarleik, leik, samverustund og matmálstímum. (4) Í viðhorfskönnun foreldra kemur fram að 71% eru mjög sammála því að þau séu ánægð með þá útiveru sem barninu þeirra er boðið upp á, 24% frekar sammála, 4% hlutlaus, 1% frekar ósammála og 2% benda á annað. (13) Áhrif barna á vægi leiksins felst fyrst og fremst að mati stjórnenda og starfsmanna í samsetningu leikhópa sérstaklega í flæðinu og tímalengd leikstunda en þau hafi minni áhrif annars staðar. Yfirleitt sé þetta þó mjög frjálst en það sé þó mismunandi eftir deildum og aldri barna. (11) (12) (6) Að sögn barnanna ræður kennarinn hvenær þau leika sér, þau megi aftur á móti ráða við hvern þau leiki. Þau telja sig stundum mega ráða hve lengi þau leika sér. Að þeirra sögn er skemmtilegast að leika inn á Akri „þar gerum við leikfimi, svo gerum við æfingar og jóga. Þar megum við líka leika okkur og búum til tré og stjörnu“. (32)

6.4. Leikefni og efniviður

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfðaður til ólíkra barna á ólíkum aldri... Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfðaður til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana¹⁷.

Leikskólinn vinnur skv. hugmyndafræðinni *Skóli á grænni grein* og er unnið mikið með endurnýtanlegan efnivið, að sögn stjórnenda. Einnig er leitast við að hafa sem mest opinn efnivið, einingakubba, heimatilbúinn leir ofl. Við innkaup á leikefni sé reynt að velja þroskandi leikföng sem stuðli að aukinni færni barnanna á mörgum sviðum svo sem málörvun, stærðfræði o.fl. (4) Að sögn deildarstjóra og starfsmanna er of mikið framboð á leikefni og engin skýr rök stýri leikefnisvali og innkaupum á því. Leikskólanum sé gefið leikefni og það stýri því sem er í boði. „Frekar eins og maður eigi að vera ánægður með það sem maður fær. Það verður að vera samstaða um þetta og samræming.“ (12) Starfsmenn benda á að of mikið sé af lokuðum efnivið og ekki hafi verið farið yfir rökin fyrir vali á leikefni og efnivið sem boðið er upp á í leikskólanum. (11) (12) Stjórnendur segja að almenn

¹⁷ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 27

sátt ríki um leikefni leikskólans en benda þó á að leikskólanum hafi stundum verið gefinn efniviður sem ekki hafi hentað og að óánægju gæti helst meðal starfsmanna með lokaðan efnivið. (6) Foreldrar segjast mjög sáttir við könnunarleikinn og það leikefni sem í boði er þar. (14)

Áhrif barna á val á leikefni eru ekki mikil að sögn stjórnenda og starfsmanna. Þau felist fyrst og fremst í því að ef þau biðji um eitthvað sé það tekið fram. Þau hafi val innan deildarinnar en velji ekki leikefni inn á þær. (11) (12) (6) Að sögn barnanna mega þau ráða hvaða leikefni er á leikskólanum og hvaða leikföng þau leika sér með. Þau sögðust ánægð með öll leikföng sem í boði eru. Skemmtilegast sé að leika í skipinu og kastalanum sem eru úti og mjólkurkössunum inni. „Við byggjum hús úr kössunum og búum til búð, hundabúð og kisubúð. Ég átti kisu en hún var svo vond við kettlingana sína. Ég á sex ketti. Ég er með ofnæmi fyrir köttum og mamma mín er með ofnæmi fyrir kattahári í nefið sitt“. (32)

6.5. Líðan nemenda

Unnið er samkvæmt uppbyggingarstefnunni, *Uppeldi til ábyrgðar* en þar er lögð áhersla að hvert barn sé skoðað með tilliti til grunnþarfanna sem eru ást, umhyggja, gleði, ánægja og frelsi. Einnig er unnið með *Hjálparhendur* sem er kennsluverkefni frá Upledger skólanum en tilgangur þess er að kenna elstu börnum leikskóla og yngstu börnum grunnskóla viðeigandi og hjálplega snertingu, kallað hjálparhendur. (4) . Verkefnið á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna en Upledger skóli er starfandi á Íslandi. (33) Að sögn deildarstjóra og kennara er áhersla á einstaklingsmiðað sjónarhorn, ekki gildi sama regla fyrir alla. Starfsmenn benda á að reynt sé að horfa í þarfir barnana og hvert barn sé metið fyrir sig. (11) (12) Ef grunur er um að barni líði illa er rætt við foreldra og einnig er gripið til skráningar ef um ítrekuð atvik er að ræða að sögn stjórnenda. Deildarstjórar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra og skráningu mála. Ef mál leysast ekki er haft samband við skólaskrifstofu þar sem sálfræðingur, félagsráðgjafi og leikskólaráðgjafi eru höfð með í ráðum. (4)

Að sögn deildarstjóra og kennara ríkir mikil ánægja með hvernig staðið er að stuðningi skólaskrifstofu þegar kemur að málum sem þessum. Mjög skýrt sé til hvers á að leita ef upp kemur grunur um að barni líði illa. Að þeirra sögn er hins vegar ekki samræmi milli deilda með hvernig brugðist er við og ekki séu til neinir skriflegir verkferlar. Sögðu þeir að úr því megi bæta. (12) Að sögn starfsmanna skortir á samræmi hvernig brugðist er við varðandi líðan barna, það skorti á eftirfylgni og ganga þurfi á eftir því að málefni barnsins sé komið í ferli. (11) Í viðhorfskönnun foreldra kemur fram að 81% eru mjög sammála því að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. 18% eru frekar sammála og 1% eru hlutlaus. Ekkert foreldri telur að barninu sínu líði illa í leikskólanum. (13) Að sögn nemenda, líður þeim almennt vel í leikskólanum. Best sé að vera úti og fá frískt loft. Mikil ánægja sé með hópastarfið og að sjá hvað er inni í fiskum. „Ég hef séð pissublöðruna í

fiskinum og augað“. (32) Þau segjast gefa hvert öðru hjálparhönd ef einhverjum líði illa. „Við gefum hjálparhönd svo gleðjum við hann og leikum við hann og syngjum um hjálparhönd. Ef okkur líður illa þá kemur einhver og gefur okkur hjálparhönd“. (32)

6.6. Lýðræði og mannréttindi

Laut hefur sett sér áætlun um hvernig unnið er að lýðræði og mannréttindum og hvernig hægt sé að vinna með þessi hugtök í dagskipulaginu að sögn stjórnenda. (6) Áhersla er á að koma eins fram við öll börn og allir séu jafn mikilvægir. Í morgunmat hafa börnin val innan ákveðins tímaramma um hvenær þau koma að borða eða hvort þau vilja borða og fá að skammta sér sjálf á diskana. Í leik og námi er blandaður efniviður í boði fyrir bæði kynin og börnin fá sjálf að velja sér verkefni. Áhersla er á virkar samræður, hlustun, samvinnu og sameiginlega sýn á hvað má og má ekki. Samræður eru æfðar og skipst er á að hlusta og segja frá. Einnig hafa þau áhrif á val bóka sem lesnar eru og laga og fá að túlka efnið eftir sínu höfði. Í útiveru og vettvangsferðum geta þau valið hvert farið er, hvað er gert og safnað að sér hlutum úr umhverfinu. Einnig hafa þau val um hvaða efniviður er í boði úti. Hver heimastofa velur eina máltíð á matsæðilinn í hverjum mánuði, allir fá að vera þjónar og börnin skammta sér sjálf á diska. (34)

Að sögn stjórnenda er mest unnið með elstu börnin þegar kemur að ákvarðanatöku barna og lýðræðislegum áhrifum, þau setji m.a. umgengnisreglur. (6) Deildarstjórar og kennarar benda á að áhersla sé á að virkja þau til þátttöku. Hlustað sé á börnin og þeim sé leyft að hafa hlutverk s.s. að velja lög, velja matinn og vera þjónar. Meiri stýring sé á yngri deildunum en þeim eldri. (12) Starfsmenn benda á að á leikskólanum sé verið að fara af stað í vinnu við að kanna möguleika á auknum áhrifum barna. (11) Að sögn barna þá stjórna kennararnir í leikskólanum. „þeir stjórna því að þá getum við ekki verið óþekkt og í fýlu. Við getum bara stjórnað heima en fáum ekki að stjórna í leikskólanum. Jú nema hvað við veljum“. (32) Að þeirra sögn búa þau stundum til reglur í leikskólanum. Þegar þau eru spurð hverju þau vilji helst breyta þá benda þau á að helst vilji þau fá sundlaug út í garð. „Við viljum hafa sundlaug og heitan pott og fá að vera mest úti. Ég vil prumputæki og hafa rennibraut og vera með trampólín úti. Við fengum að fara á netaverkstæðið og sáum nál til að búa til netið. Hún er úr spýtu“. (32)

6.7. Samskipti agi og hegðun.

Að sögn stjórnenda er *Uppeldi til ábyrgðar* agastefna þar sem börnin læra að líta í eigin barm og taka ábyrgð á eigin gjörðum og orðum undir handleiðslu starfsfólks. Einnig eru að þeirra sögn tveir leikskólakennarar á P.M.T. námskeiði sem skólaskrifstofan býður upp á en með þessu námskeiði verði vonandi fleiri verkfæri til að vinna með í starfinu. (4) Stjórnendur benda á að það skorti samræmda verkferla milli deilda varðandi aga og hegðunarmál á leikskólanum, fólk ræði þó saman. Aftur á móti sé ferlið skýrt þegar kemur

að skólaskrifstofu. (6) Að sögn deildarstjóra og kennara er unnið með uppbyggingarstefnuna varðandi aga og hegðunarmál. Notuð séu hjálparorð og setningar og áhersla sé á að börn finni sín eigin mistök. Að þeirra sögn verða þeir að fara í gegnum skólaskrifstofu ef þeir þurfa stuðning. „Leitum ekki eftir stuðningi hjá innanhúsfólki“. Ekki séu til samræmdir og skriflegir verkferlar um svona mál. Þeir sögðu einnig að finna mætti betri leiðir út frá uppbyggingarstefnunni í þessum málum í stað þess að fara í PMT, þetta séu ólík verkfæri sem að þeirra mati samræmast ekki alveg. Uppbyggingarstefnan virki kannski ekki fyrir alla en það hefði þurft að finna eitthvað sem væri í samræmi við hana. Einnig benda þeir á að starfsfólkið sem fór á PMT, námskeiðið hafi ekki verið fólk sem starfar inni á deildum leikskólans. (12) Starfsmenn taka undir að ekki séu samræmdir verkferlar milli deilda. Þeir benda á að verið sé að nýta sér verklagið úr uppbyggingarstefnunni en það sé breytilegt milli deilda hverjir verkferlarnir séu. (11) Að sögn stjórnenda og starfsmanna er uppbyggingarstefnan leiðarljósið í samskiptum. Einnig sé gripið til skráningar ef þurfa þykir. (11) (12) (6)

6.8. Skólaþróun

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu¹⁸.

Leikskólinn varð *Skóli á grænni grein* árið 2010 og fékk afhentan Grænfánann í fyrsta sinn árið 2011. Nú er komið að endurnýjun og er leikskólinn nú í úttekt og fær Grænfánann afhentan formlega í maí 2013, á afmælisdegi skólans. Samstarf hefur verið við Grunnskólann, leikskólann Krók og Tónlistarskólann og gagnkvæmar heimsóknir eru fastir liðir á hverju starfsári. Í ár hefur einnig verið samstarf við félagsstarf eldri borgara og Hjúkrunarheimilið Víðihlíð og hafa eldri borgarar komið í heimsókn í leikskólann. *Bærinn minn* er verkefni sem elstu nemendur skólans taka þátt í en tilgangurinn er að kynna börnunum stofnanir og fyrirtæki bæjarins. Heimsótt er m.a. heilsugæslan, bæjarskrifstofan, fiskvinnsluhús, lögreglustöðin, bókasafnið ofl. Nýlega fékk Laut sex spjaldtölvur og er verið að þróa hvernig ætlunin er að vinna með þær í starfinu með börnunum. Það verkefni er á frumstigi. (4) Að sögn stjórnenda og starfsmanna hefur gengið ágætlega að festa áhrif *Grænfánaverkefnisins* í sessi, börnin séu til að mynda áhugasamir og virkir þátttakendur. Þeir benda á að þó vel hafi gengið að innleiða verkefnið þá sé heldur meira mál að viðhalda því. Sumt gangi mjög vel en annað megi bæta. Allaf megi gera betur. (11) (12) (6) Að sögn stjórnenda er áhersla á að gefa starfsfólki og börnum tíma til að

¹⁸ Aðalnámskrá 2011:34

aðlagast nýju húsnæði og því hafi verið ákveðið að yfirkeyra ekki fólk með þróunarverkefnum. (6)

6.9. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það á leikskólanum. Að endurmati koma starfsmenn deilda og stjórnendur leikskólans. Skóladagatal og stundaskrá deilda eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Verkferlar vegna aðlögunar eru skýrir og skriflegir og ríkir almenn sátt um þá. Skoða má verkferla þegar stórir hópar barna eru í aðlögun í einu og leita leiða til að jafna álag.
- Námsmarkmið með kennslunni eru ekki sett fram með nægilega skýrum hætti og er leikskólinn hvattur til að bæta úr því, t.d. við endurskoðun skólanámskrár.
- Foreldrar eru sáttir við fyrirkomulag starfsins. Bæta má samráð við þá varðandi sumarlokanir.
- Vægi frjálsa leiksins er nægilegt en deildarstjórar og starfsmenn eru hvattir til skoða hvort hægt sé að draga með einhverjum hætti úr truflun á leik snemma á morgnana og í eftirmiðdaginn.
- Móta þarf skýra stefnu um val á leikefni og efnivið í samvinnu við alla starfsmenn. Úttektaraðilar telja mikilvægt að leikskólinn og sveitarfélagið skoði nánar þann efnivið sem boðið er upp á í leikskólanum og móti áætlun hvernig bæta megi leikfangakost hans.
- Áhrif barna með val á leikefni felast fyrst og fremst í að þau hafi val innan deildarinnar en velja ekki leikefni inn á þær. Auka má þátttöku barna með val á leikefni og efnivið á leikskólanum.
- Setja þarf skýra og skriflega verkferla um líðan barna og mikilvægt er að samræma þá milli deilda. Einnig benda úttektaraðilar á að skoða megi eftirfylgni mála innan leikskólans.
- Mikil ánægja ríkir innan leikskólans með hvernig staðið er að stuðningi skólaskrifstofu. Skýrt sé til hvers á að leita ef upp kemur grunur um að barni líði illa.
- Lýðræðisleg áhrif barna eru töluverð og hefur Laut sett sér áætlun um hvernig unnið er að lýðræði og mannréttindum. Leikskólinn er einnig að fara af stað með vinnu til að kanna möguleika á auknum áhrifum barna. Úttektaraðilar lýsa ánægju sinni með hvernig staðið er að þessum þætti á leikskólanum.
- Unnið er með *Uppeldi til ábyrgðar* á leikskólanum og einnig eru tveir leikskólakennarar á P.M.T. námskeiði. Samræma þarf verkferla milli deilda varðandi aga og hegðunarmál og leita þarf leiða til að starfsfólk finni stuðning í þessum málum innanhúss auk þess að fá stuðning frá skólaskrifstofu.

- Hvatt er til að augin samstaða náist um innleiðingu PMT eða annars agakerfis sem sátt næst um.
- Skólaþróun er góð á leikskólanum.

7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum ¹⁹. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna ²⁰.

Skólabragur leikskólans einkennist, að sögn stjórnenda og starfsmanna, af heimilislegum brag, nánd, samheldni, gleði, hlýju og virðingu. Þó kom fram að í kjölfar stækkunar leikskólans hafi myndast álag sem hafi haft áhrif á skólabraginn s.s. álag á starfsfólk. (12) (11) (6)

7.1. Starfsandi og samskipti

Viðhorfskönnun var gerð meðal starfsmanna í mars 2013. (23) Niðurstöður hennar í heild sinni má sjá í töflu fjögur. Af þeim 25, sem svöruðu könnuninni, voru allir sem sögðust vera ánægðir í vinnunni, 88% sögðu samstarfsmenn sína sér vingjarnlegt viðmót og sama hlutfall segir sig frá stuðning frá yfirmönnum þegar við á. Hins vegar segja aðeins 12% að vinnustaðurinn sé laus við samskiptavandamál en 40% eru á báðum áttum.

Tafla 4. Niðurstöður ánægjukönnunar meðal starfsfólks Leikskólans Lautar í mars 2013

Spurning	já	já og nei	nei
Ertu ánægður í vinnunni ?	100%	0%	0%
Geturðu nýtt þekkingu þína og hæfni í núverandi starfi ?	88%	8%	4%
Veistu fyrirfram hvenær þú þarft að vinna yfirvinnu ?	80%	4%	16%
Sýna samstarfsmenn þér almennt vingjarnlegt viðmót ?	88%	4%	8%
Kemstu frá vinnunni þegar þér hentar (t.d. Á W.C) ?	76%	8%	16%
Sýna starfsmenn umburðarlyndi, hverjir gagnvart öðrum á vinnustað ?	44%	36%	20%
Færðu stuðning frá yfirmönnum þegar við á ?	88%	4%	8%
Er vinnustaðurinn laus við hótanir og ofbeldi ?	92%	4%	4%
Veistu nákvæmlega til hvers er ætlast af þér í vinnunni ?	76%	8%	16%
Er upplýsingaflæði í lagi á vinnustaðnum ?	52%	16%	32%
Er komið fram við alla starfsmenn á vinnustaðnum á svipaðan hátt ?	56%	12%	32%
Er vinnutími þinn hæfilega langur ?	100%	0%	0%
Er borin virðing fyrir þér sem starfsmanni ?	84%	16%	0%
Tekst þér að ljúka verkefnum þínum á tilsettum tíma ?	80%	16%	4%
Hefurðu færi á að spjalla og fylgjast með því sem fram fer í kringum þig ?	84%	8%	8%
Er vinnustaðurinn laus við samskiptavandamál ?	12%	40%	48%
Er vinnustaðurinn laus við einelti ?	76%	16%	8%
Ertu tiltölulega óþreyttur eftir vinnudaginn ?	24%	20%	56%

19 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 15

20 Aðalnámskrá leikskóla 2011: 22

Spurning	já	já og nei	nei
Færðu stuðning frá samstarfsfólki þegar við á ?	76%	16%	8%
Myndir þú mæla með vinnustaðnum ?	88%	12%	0%

Til að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna og fullorðna er, haldin árshátíð, farið í bíó, sumarbústaðarferðir, haldin litlu jól, gönguhópar, óvissuferð, páskaeggjaleit, sumarahátíð, listaverkasala, sveitaferðir, leikhúsferðir o.fl. (6) (12) (11)

Innan leikskólans er unnið með samskipti í gegnum uppbyggingarstefnuna s.s. með brosköllum, að sögn stjórnenda. (6) Almennt segjast foreldrar upplifa samskipti sín og barna sinna við leikskólann mjög góð. Að þeirra mati mætti þó bæta skipulag er varðar mat á börnum og foreldraviðtöl svo og samskipti milli foreldra og deildarstjóra. (14)

7.2. Jafnrétti

Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu (35). Stefnan hefur ekki verið staðfest og kynnt öllum starfsmönnum. (25) Í henni kemur fram að leikskólinn ætli sér að stuðla að jafnrétti með því að taka: (35)

...mið af jöfnum rétti allra án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, litarháttar, uppruna, aldurs, starfsstéttar, fötlunar eða annarra þátta. Allir eiga að geta látið ljós sitt skína út frá eigin forsendum og jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í starfi eiga að bjóðast öllum.

Skv. niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal starfsmanna árið 2013 telja 32% þeirra að ekki sé eins komið fram við alla starfsmenn, sjá nánar í töflu fjögur. Skv. þeim hefur þeim ekki verið kynnt jafnréttisstefna leikskólans. (12) (11) Að sögn stjórnenda og starfsmanna er jafnréttis gætt í starfi skólans með því að draga úr hlutgervingu kynja, kynjabundnum leikföngum og litum, aðlaga vinnu að getu barna m.a. fatlaðra, ekki séu kynjaskipt salerni, haldið sé upp á alþjóðlega daga o.s.frv. (6) (12) (11) Ekki eru til skriflegar móttökuáætlanir vegna erlendra barna á leikskólanum. (6) eða samræmdir verkferlar. Stuðst er við móttökuáætlun Reykjavíkurborgar. (12) Umsjónarmaður sérkennslu hefur yfirumsjón með móttöku barna af erlendum uppruna og foreldrum er boðið upp á aðstoð túlks. Einnig er sérstakur dagur tileinkaður þeim þegar þau eru komin í elsta hópinn þar sem land þeirra er kynnt. (6)

7.3. Þátttaka og áhrif

Að sögn starfsmanna geta þeir komið skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur, m.a. á starfsmannafundum. Misjafnar skoðanir voru meðal starfsmanna hvort þeir teldu sig geta haft áhrif með því að koma skoðunum sínum á framfæri og þeim væri fylgt eftir (11) (12) Deildarstjórar og kennarar sögðust taka þátt í endurskoðun umbóta. (12) Foreldrar sögðust hafa áhrif, vel væri tekið í athugasemdir þeirra en þeir hefðu ekki tekið þátt í mótun

aðgerða. Að þeirra sögn stuðlar leikskólinn ekki að auknu aðgengi og formlegri þátttöku foreldra í mótun uppeldisstarfsins. (14)

7.4. Einelti

Skólinn hefur eineltisáætlun fyrir nemendur. (36) Ekki er í gildi eineltisáætlun sérstaklega fyrir starfsmenn. Hinsvegar kemur það fram í eineltisáætlun nemenda að leikskólinn skuli vera öruggur vinnustaður barna og fullorðinna. Skv. stjórnendum er ekki í gildi skrifleg eða formleg eineltisáætlun en verið sé að skoða leiðir í þessum efnum. (6) Ekki hafa verið gerðar kannanir til þess að kanna einelti meðal nemenda eða starfsmanna. Fram kom í viðtölum að einelti hafi komið fram í könnunum. Skv. fulltrúa sveitarfélagsins finnast niðurstöður þeirra kannana ekki í leikskólanum. (25) Eineltismál hafa komið upp á leikskólanum meðal barna og meðal starfsmanna. Í tilfalli starfsmannanna var, að sögn stjórnenda, rætt við viðkomandi starfsmenn og þeir færðir til. (6) Starfsmenn segjast upplýstir um eineltismál en langt sé síðan farið hafi verið yfir eineltisáætlun skólans. (12) (11) Eineltisáætlunin hefur að sögn foreldra ekki verið kynnt fyrir þeim. (14) Misjafnar skoðanir komu fram í viðtölum við starfsmenn hvort sátt ríki um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Meðal annars kemur fram að seint sé tekið á málum, þeim sópað undir teppið, eineltisáætlun sé ekki skýr og þörf sé á að skilgreina verkferla. (12) (11) Að sögn stjórnenda hafa þeir orðið varir við óánægju með hvernig tekið hafi verið á eineltismálum en telja það vera vegna þess að ekki hafi allir verið upplýstir um hvað hafi verið gert vegna trúnaðar. (6) Ekki eru lagðar kannanir fyrir nemendur, að sögn fulltrúa sveitarfélagsins, til þess að kanna líðan nemenda. (25)

7.5. Mat úttektaraðila

- Almennt er góður starfsandi á leikskólanum og skólabragur jákvæður. Viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans staðfestir góðan og jákvæðan starfsanda og skólabrag.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti sín við starfsmenn leikskólans en benda á að bæta mætti skipulag er varðar mat á börnum og foreldraviðtöl. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til að vinna að betra skipulagi hvað þetta varðar s.s. með gerð skriflegs verkferils.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu en hún hefur ekki verið kynnt starfsmönnum. Ekki eru til skriflegar móttökuáætlanir vegna barna af erlendum uppruna. Jafnréttis er gætt í skólastarfinu m.a. með því að halda upp á alþjóðlega daga og draga úr hlutgervingu kynja. Skólinn er hvattur til að halda áfram að gæta að jafnrétti í starfi skólans. Mikilvægt er að jafnréttisstefnan verði endurskoðuð reglulega og kynnt fyrir starfsmönnum. Ennfremur er mikilvægt að komið verði á skriflegu og samræmdu ferli er varðar móttöku barna af erlendum uppruna.

- Þátttaka og áhrif barna er nægileg að mati úttektaraðila. Auka þarf þátttöku og áhrif starfsmanna. Almennir starfsmenn virðast lítið koma að ákvörðunartöku um starfsemi leikskólans. Aðkoma deildarstjóra virðist vera mjög mikil, jafnvel of mikil. Mikilvægt er að stjórnendur taki endanlegar ákvarðanir en starfsmenn og deildarstjórar taki þátt og fái að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Leikskólinn hefur eineltisáætlun fyrir nemendur en ekki starfsmenn. Áætlunin hefur ekki verið kynnt fyrir foreldrum og langt er síðan hún var kynnt fyrir starfsmönnum. Ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir er lúta að einelti né ríkir sátt um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Mikilvægt er að eineltisstefna skólans verði endurskoðuð m.t.t nemenda og starfsmanna ásamt því að hún sé kynnt öllum haghöfum. Ennfremur að skýr verkferill sé um hvernig sé tekið á eineltismálum og starfsmenn og foreldrar séu upplýstir um hann. Jafnframt að kannanir er varða einelti verði lagðar reglulega fyrir.

8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG

NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskráargerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun²¹. Náms svið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning²².

Leikskólinn vinnur að sögn stjórnenda að því að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá leikskóla, sjá kafla fjögur. Settur hefur verið fram grunnur að áætlunum um hvernig deildirnar ætla að vinna að heilbrigði og velferð, jafnrétti og sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, sköpun og læsi. (4) Að sögn stjórnenda eru fagfundir notaðir til að ræða þessi mál. Umræðan hafi meira verið meðal fagmenntaðra innan skólans, það vanti meiri tíma til að ræða þessi mál. (6) Starfsmenn taka undir þetta sjónarmið, þeir hafi ekki komið að umræðu innan skólans um ofangreind mál. Þeir benda á að vinna sé farin af stað á vegum Grindarvíkurbæjar og þar hafi þeir tekið þátt. (11) Leiðarljós Lautar í allri vinnu eru gleði, hlýja og virðing. Gleði stendur fyrir að á leikskóla á að vera gaman. Hlýja stendur fyrir að umgangast ber börn af hlýju og ástúð og hafa ber í huga að hvert barn er einstakt. Virðing stendur fyrir þá grundvallarskoðun að börn eru líka fólk og bera á virðingu fyrir bernsku þeirra og skoðunum. (26) Einnig er unnið út frá leiðarljósum starfsmanna sem er að vera samstilltur og jákvæður starfsmannahópur og vinna saman í sátt og virða skoðanir annarra. (3)

8.1. Samþætt og skapandi skólastarf

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla²³.

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að hann starfar eftir námssviðum aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999 en þau eru hreyfing, myndsköpun, menning og samfélag, náttúra og umhverfi, málrækt og tónlist. Fyrir hvert námssvið eru tilgreind markmið og leiðir leikskólans að þeim markmiðum. Einnig hefur leikskólinn hafið vinnu um hvernig vinna ber að jafnrétti og sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun og læsi í dagskipulaginu. (4) Að sögn deildarstjóra og kennara er aðlögun námssviða að nýrri aðalnámskrá á frumstigi og að þeirra sögn er fólk enn að ná áttum. (12) Starfsmenn benda á að ekki fari fram umræða um námssviðin og þær kennsluáferðir sem leikskólinn fylgir til að ná þeim fram. Þetta sé aldrei rætt en sé inn í daglegu starfi. (11)

²¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 9

²² Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

²³ Aðalnámskrá leikskóla 2011:9

8.1.1. Náms svið leikskóla

Markmið Lautar með málrækt er að börn læri tungumálið og að efla mál og málskilning, kenna hlustun og örva frásagnargleði. Lögð er áhersla á málrækt í samtölum og frásögnum með því að lesa fyrir barnið og segja því sögur. (3) Unnið er með markvissa málörvun með börnunum frá 18 mánaða aldri. (26) Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árganginn í leikskólanum að hausti. Ef útkoma er slæm er sérstaklega unnið með hvert tilvik og Hljóm-2 lagt aftur fyrir barnið að vori. Niðurstöður Hljóm-2 eru sendar með barninu í grunnskólann við byrjun skólagöngu. (7) Markmið Lautar í tónlist er að börnin læri að njóta tónlistar sem þroskandi gleðigjafa. Sameiginleg söngstund er einu sinni í mánuði með öllum hópnum. Unnið er með söng, tónlist og hreyfingu í daglegu starfi inn á heimastofum bæði í stórum hóp og í hópastarfi. (3) Íþróttatímar eru undir stjórn fagstjóra hreyfingar og fara öll börn leikskólans í aldursskiptum hópum í skipulagt hreyfistarf einu sinni í viku. (26) Farið er í vettvangsferðir með hvern hóp a.m.k einu sinni í viku og oftast ef aðstæður eru til, einnig er útivera á hverjum degi. (3) Sérstaða skólans liggur í að hann er stutt frá fjörunni og ef horft er út um gluggana sjást hestar og kindur á beit.

Fjöruferðir eru tíðar og er gjarnan tekið með heim kudungar, skeljar og krabbar. Þessir hlutir eru skoðaðir í stækkunargleri og fleiri tækjum. Farið er í atvinnufyrirtæki í nánasta umhverfi og skoðaðar eru stofnanir sem eru til staðar í umhverfi skólans. (3) Hafðar eru í heiðri ýmsar hefðir og hátíðir í íslensku þjóðlífi s.s. þorablót, sprengidagur, öskudagur og fl. (26) Áhersla er á virðingu barnanna fyrir uppruna og menningu ólíkra þjóðarbrota. Það er gert m.a. með umræðum og lestri bóka. (3) Sérstakur fagstjóri sér um listsköpun í listaskála. Börnum er skipt í hópa eftir aldri og koma öll börn einu sinni í viku í verkefnavinnu. (26) Í áætlun Lautar um heilbrigði og velferð er áhersla á fræðslu, hreyfingu og almenna vellíðan, fjölbreytt mataræði og mikilvægi næringar og fl. (37) Leikskólinn hefur sett sér stefnu varðandi máltíðir þar sem hollusta og næringargildi eru höfð að leiðarljósi. Fiskur er tvisvar í viku, unnar kjötvörur eru ekki nema einu sinni í mánuði. Ávextir og grænmeti eru í boði daglega sem og gróft brauð og kornmeti. Sælgæti er ekki í boði á leikskólanum. Á Laut er hver kennari með sitt borð og börnin eiga fast sæti hjá sínum kennara. Á leikskólanum eru tölvur í heimastofum eldri barna. Unnið er með tölvurnar í flæði og einnig í hópum. Börnin á Laut hafa aðgang að Internetinu undir umsjón kennara. (3)

Í áætlun um jafnrétti og sjálfbærni er áhersla á að börnin leggi á borð, skammti sér sjálf á diska og gangi frá eftir sig. Verðlaust efni er nýtt í leik og fræðsla og umræður eru um umhverfi, samfélag, jafnrétti, margbreytileika, náttúru og endurvinnslu. Börnin hafa áhrif á val á leikefni og verkefnum og aðgangur er að efnivið fyrir bæði kynin. Útivera er valbundin en allir fara einu sinni í viku í vettvangsferð. Hópar eru blandaðir, strákar og stelpur. (38) Að sögn stjórnenda tvinnast náms sviðin saman en áhersla er á félagsfærni og samskipti í öllum dagskemum. (6) Að sögn deildarstjóra og starfsmanna er áhersla á

umhverfismennt, læsi, sköpun, hreyfingu og málrækt í daglegu starfi. Gögnum sé safnað í vettvangsferðum sem unnið er með varðandi námssviðin og í þematengdri vinnu. Þeir taka fram að mikið hafi verið að gera á vorönn og því hafi gengið illa að vinna eftir þemunum.

(12)

8.2. Mat úttektaraðila

- Verið er að vinna að því að laga skólustarf að nýrri aðalnámskrá og er leikskólinn komin nokkuð áleiðis í þeirri vinnu. Settur hefur verið fram grunnur að áætlunum um hvernig deildirnar ætla að vinna að heilbrigði og velferð, jafnrétti og sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, sköpun og læsi. Leikskólinn er hvattur til að huga að þátttöku allra starfsmanna í þessari vinnu.
- Auka þarf umræðu um námssvið leikskóla og þær kennsluáferðir sem leikskólinn fylgir til að ná þeim fram. Skýra þarf aðkomu starfsmanna að aðlögun námssviða að nýrri aðalnámskrá. Leikskólinn er Grænfánaskóli og vel er hugað að neysluvenjum og umgengnisháttum. Hreyfistarf er í föstum skorðum og hefur leikskólinn sett sér stefnu varðandi máltíðir. Unnið er með markvissa málörvun með börnunum frá 18 mánaða aldri. Sérstaða skólans liggur í nálægð við náttúru.

9. INNRA MAT

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur²⁴.

Í *Endurmati á starfsáætlun – ársskýrslu* (24) er greint frá innra mati skólans. Þar er starfsáætlun ársins á undan metin, farið yfir starfsárið og greint frá símenntun, fræðslu og ýmsum uppákomum. Í skýrslunni má einnig finna hagnýtar upplýsingar um börnin, foreldrasamstarf og starfsmenn leikskólans ásamt viðmiðum um umbætur. (7)

9.1. Framkvæmd og ábyrgð

Skv. stjórnendum er framkvæmd innra mats í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá, þó benda þeir á að ávallt sé hægt að gera betur t.d. með ítarlegri viðhorfskönnunum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru ábyrgir fyrir skipulagi og framkvæmd matsins, að þeirra sögn. Skv. þeim hefur skólinn „nokkurn veginn“ áætlun um innra mat. *Ecerskvarðinn* sé lagður fyrir að hausti en skortur sé á áætlun um úrvinnslu og viðbrögð við matinu. (6) Þessu eru starfsmenn sammála. (12) (11) Ekki hafa verið settir fram skriflegir verkferlar varðandi innra mat, skv. stjórnendum. (6) Að sögn deildarstjóra og kennara hefur áætlun um innra mat ekki verið kynnt fyrir þeim né heldur verkferlar. Skv. þeim koma þeir ekki að ákvörðunum um framkvæmd innra mats heldur séu þeir aðeins upplýstir um hvað eigi að meta hverju sinni. (12)

Innra mat var framkvæmt í leikskólanum 2012 (24). Í skýrslu um innra mat kemur fram að skólinn ætlar sér að leggja fyrir *Ecerskvarðann* haustið 2012 og hefur það verið gert. Þar er gerð áætlun um að taka fyrir kaflana um samskipti, skipulag og mál og hugtakanotkun. Í skýrslunni kemur fram að starfandi er sjálfsmatsteymi við leikskólann sem mun fara yfir niðurstöður *Ecerskvarðans* og vinna úr þeim. (24) Skv. fulltrúa sveitarfélagsins er ráðið virkt. (25) Í umbótaáætlun kemur einnig fram að skólinn ætli sér að kynna sér nýja aðalnámskrá leikskóla og leggja fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra. Tilgreind eru markmið og leiðir vegna þessara aðgerða. (24) Óformlegt mat á frammistöðu kennara fer fram í starfsmannasamtölum, að sögn stjórnenda, deildarstjóra og kennara. Á stöðluðu matsblaði Grindavíkurbæjar er gert ráð fyrir mati starfsmanna og yfirmanna á ákveðnum þáttum. Veturinn 2012 – 2013 er í fyrsta sinn notast við þetta fyrirkomulag. (6) (12)

²⁴ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

9.2. Þátttaka og áhrif

Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru þeir virkir í innra mati, með þátttöku í viðhorfskönnun. (6) (12) (11) Foreldrar koma að innra mati með þátttöku í viðhorfskönnun sem er að sögn foreldra í rýnihópi lögð fyrir á tveggja ára fresti. (14) Fram kom meðal stjórnenda áhugi til að efla aðkomu barna í innra mati. (6)

Skv. stjórnendum veitir innra mat skólans „að mörgu leiti“ fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins. Að þeirra sögn er skortur á tíma til þess að ígrunda starfið á faglegum grundvelli og til úrvinnslu mats. (12) Deildarstjórar og kennarar segja að innra mat skólans veiti fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins „gagnvart manni sjálfum, kveikir ljós sem maður vissi ekki af áður“. (12) Skv. fulltrúum sveitarfélagsins veitir innra matið ekki fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins. Þörf sé á áætlun til lengri tíma, ítarlegri úrvinnslu og eftirfylgni. (8) (9)

9.3. Eftirfylgni og kynning á niðurstöðum

Að sögn stjórnenda eru þeir í samráði við deildarstjóra ábyrgir fyrir umbótum og eftirfylgni í kjölfar innra mats. (6) Þessu eru deildarstjórar og kennarar ekki sammála en skv. þeim eru það stjórnendur en það sé þó ekki sérstaklega kynnt hver sé ábyrgur. (12) Skv. stjórnendum hefur innra mati ekki verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun. (6) Deildarstjórar og kennarar segja umbótaáætlun ekki gerða þar sem m.a. sé tekið mið af niðurstöðum innra mats. Stjórnendur leggi það í hendur hvers og eins deildarstjóra að fylgja eftir tillögum að umbótum sinnar deildar. (12) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hefur ekki verið gerð umbótaáætlun í tengslum við innra mat. Skv. þeim hefur sveitarfélagið kallað eftir slíkri áætlun og að hún sé faglega gerð. (8) (9)

Stjórnendur segja að niðurstöður og aðgerðir innra mats séu kynntar fyrir bæjaryfirvöldum og foreldraráði. (6) Að sögn deildarstjóra og kennara hafa niðurstöður könnunar meðal foreldra verið birtar á heimasíðu skólans. (12) Almennir starfsmenn segja niðurstöður alltaf kynntar en skortur sé á eftirfylgni. (11) Foreldrar í rýnihópi sögðu að niðurstöður innra mats hafi ekki verið kynntar fyrir þeim og að þeir hefðu ekki orðið varir við breytingar í kjölfar matsins. (14) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hefur leikskólinn ekki kynnt fyrir þeim niðurstöður né aðgerðir í tengslum við innra mat að fyrra bragði. (8) Skv. fulltrúum fræðslunefndar hefur leikskólinn að hluta til kynnt fyrir þeim niðurstöður og aðgerðir í tengslum við innra mat en nefndin hafi kallað eftir auknum upplýsingum. Þeir hafi ekki orðið varir við breytingar í kjölfar innra mats. (9)

9.4. Mat úttektaraðila

- Innra mat leikskólans er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 eða 2011 og mikilvægt er að svo verði.
- Leikskólinn hefur ekki formlega áætlun um innra mat umfram það að Ecerskvarðinn sé lagður fyrir að hausti. Mikilvægt er að skólinn setji sér skriflega áætlun um innra mat til lengri eða skemmri tíma, hún sé birt í ársáætlun, skilgreini mælitæki matsins og umbótaáætlun gerð í kjölfar niðurstaðna. Ennfremur er mikilvægt að skólinn setji upp skriflegan verkferil sem snýr að úrvinnslu matsins.
- Starfsmenn og foreldrar hafa aðkomu að innra mati leikskólans en auka má aðkomu barna í innra mati.
- Mikilvægt er að stjórnendur útbúi sérstaka skýrslu um innra mat sem er aðskilin ársskýrslu leikskólans.
- Ábyrgðaskipting er varðar úrbætur í kjölfar innra mats er ekki skýr. Mikilvægt er að svo sé.
- Ekki eru allir hagsmunaaðilar upplýstir um innra mat skólans. Niðurstöður og úrbótaáætlun þarf að kynna öllum hagsmunaaðilum. Ennfremur þurfa stjórnendur að fylgja umbótaáætlun eftir.

10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Foreldrar leikskólubarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein²⁵.

Skólanum hefur tekist að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila, að sögn stjórnenda, starfsmanna, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins. (6) (12) (11) (14) (8) (9). Það endurspeglar m.a. í daglegum samskiptum og aðgengi, uppákomum á vegum foreldrafélagsins, foreldrasamtölum, góðu aðgengi að bæjarstjóra, þabba og afadögum, fjölmeningadegi o.fl. Að sögn foreldra í rýnihóp ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins, að undanskildu fyrirkomulagi sumarlokana. (14)

10.1. Foreldraráð

Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi²⁶.

Foreldraráð er við leikskólann (39). Þar sitja þrjú foreldrar auk leikskólastjóra. Samkvæmt umfjöllun um ráðið í starfsáætlun skólans (7) fundar foreldraráðið einu sinni á ári, í byrjun hvers skólaárs, en þó oftast ef þörf krefur. Fundargerðir foreldraráðs eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Fulltrúar ráðsins eru valdir af leikskólastjóra. Að hans sögn er það vegna þess hve erfitt sé að fá fólk í ráðið. (6) Þessu segjast foreldrar í rýnihópi sammála. (14) Skv. stjórnendum og foreldrum í rýnihópi er ráðið virkt, það fundi einu til tvisvar sinnum á ári og sé nú að vinna að því að setja sér starfsreglur. Að þeirra sögn eru foreldrar almennt ekki upplýstir um hlutverk og skyldur foreldraráðs. Þó greina þeir frá að áætlað sé að setja þær upplýsingar inn á heimasíðu skólans. (6) (14)

10.2. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag (7) og var það stofnað árið 2000 (40). Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex einstaklingar. Að sögn stjórnenda og fulltrúa foreldra í rýnihópi er foreldrafélagið virkt og fundar það einu sinni í mánuði. Fundina situr tengiliður

²⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

²⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

leikskólans. Haldið er utan um fundargerðir en þær eru ekki til á rafrænu formi. Til stendur að bæta úr því. (6) (14) Á skólaárinu 2012 – 2012 stóð foreldrafélagið fyrir hinum ýmsu viðburðum s.s. páskaeggjaleit, leiksýningu og jólaballi. (41)

10.3. Lýðræði og þátttaka

Skv. stjórnendum, starfsmönnum og foreldrum er einstaklingsbundið hversu virkir þátttakendur foreldrar eru í skólasterfinu. Að sögn stjórnenda hefur leikskólinn ekki leitað leiða til að virkja foreldra til þátttöku. Skv. foreldrum í rýnihópi eru tækifæri til staðar til þátttöku þeirra í skólasterfinu. Skólinn kemur upplýsingum á framfæri til foreldra í gegnum heimasíðu skólans, með upplýsingatöflu, tölvupóstum og daglegum samskiptum. Samkvæmt foreldrum í rýnihópi þá geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Að sögn þeirra hafa þeir litla aðkomu að ákvörðunum um skólasterfið, en aðallega með ábendingum á fundum. Að sögn stjórnenda, deildarstjóra og kennara koma foreldrar að ákvörðunum um skólasterfið skriflega, í gegnum dagleg samskipti og foreldraráð skólans. (6) (12) (14)

10.4. Samskipti við heimili og grenndarsamfélag

Virkt samstarf er milli skólans og grenndarsamfélagsins, að sögn stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins. Skólinn fari í vettvangsferðir, heimsóknir á slökkviliðsstöðina og til lögreglunnar, taki á móti nemendum grunnskólans, samvinna sé við fyrirtæki í bænum o.fl. (9) (6) Samkvæmt starfsáætlun skólans (7) skipuleggur leikskólinn foreldrasamtöl einu sinni á ári í afmælistímanu barnsins. Auk þess kemur þar fram að foreldrar eigi að geta óskað eftir viðtölum aukalega ef þurfa þykir. Þar kemur einnig fram að upplýsingum er komið á framfæri við foreldra á heimasíðu skólans en einnig eru foreldrum sendir tölvupóstar, til dæmis í þeim tilgangi að koma á framfæri upplýsingum um viðburði.

Samkvæmt stjórnendum, deildarstjórum og kennurum þá fara samskipti heimilis og leikskólans fram í daglegum samskiptum, á heimasíðu og með tölvupósti. Hve mikil samskiptin eru sé einstaklingsbundið og stjórn foreldrar því. Sem dæmi hafi foreldrar komið með efnivið og verkefni leikskólans hafi leitað inn á heimili barnanna, t.d í tengslum við rafmagnsnotkun. (6) (12) Skv. foreldrum í rýnihópi er samstarfi við leikskólann háttað þannig að þeir fylgist með því sem sé um að vera og vel sé tekið í athugasemdir þeirra s.s. lengd svefntíma. (14)

10.5. Mat úttektaraðila

- Leikskólanum hefur tekist að koma á samvinnu við foreldra, grenndarsamfélagið og aðra hagsmunaaðila.

- Foreldraráðið er nokkuð virkt og vinnur nú að því að setja sér starfsreglur. Það fundar reglulega en fundargerðir þess eru ekki aðgengilegar. Fulltrúar ráðsins eru valdir af stjórnendum vegna þess hve erfitt er að fá foreldra í ráðið. Hvetja úttektaraðilar fulltrúa ráðsins til að ljúka vinnu við starfsreglur sem fyrst og birta á heimasíðu skólans. Ennfremur að það geri fundargerðir sínar aðgengilegar á heimasíðu skólans. Leikskólinn er hvattur til að leita leiða við að auka áhuga og vitneskju foreldra á þátttöku í starfsemi ráðsins.
- Foreldrafélag er við skólann. Það er virkt og fundar reglulega. Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar. Félagið hefur staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum. Félagið er hvatt til þess að gera fundargerðir sínar aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Virkni foreldra í starfi leikskólans er einstaklingsbundin en skv. þeim eru tækifæri til aukinnar þátttöku þeirra til staðar. Mikilvægt er að skólinn leiti leiða til að virkja foreldra enn fremur til þátttöku í starfsemi skólans. Einnig má gera foreldrum betur grein fyrir áhrifum þeirra á skólastarfið t.d. í gegnum kannanir og ábendingar.

11. SÉRKENNSLA BARNNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólalífinu²⁷. Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir²⁸.

11.1. Sérkennsla barna

Á leikskólanum er starfandi umsjónarmaður sérkennslu í 62,5 % starfi. Hann er menntaður leikskólakennari en hefur ekki sérmenntun er varðar sérkennslu barna. Að sögn stjórnenda og umsjónarmanns sérkennslu sér hann um þau börn sem eru m.a. tvítyngd og þau sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða, einnig þau sem koma slök út úr *Hljóm 2*. Deildarstjóri ræðir við foreldra ef grunur vaknar um seinkaðan þroska hjá börnum. Síðan eru með þeirra samþykki sendar beiðnir um athugun ásamt rökstuðningi til skólaskrifstofu þar sem aðgangur er að sálfræðingi, leikskólaráðgjafa og félagsráðgjafa. Eftir að t.d. sálfræðingur hefur lokið frumgreiningu þá er barninu vísað til Greiningarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir. Einnig veitir skólaskrifstofan stundum heimild til stuðnings við heimastofu barnsins áður en greining liggur fyrir. (6) (42)

Leikskólinn hefur talmeinafræðing í skólanum tvisvar í mánuði, þó ekki yfir sumartímenn. Hann greinir málraskanir hjá börnum og vinnur í samræmi við það með foreldrum og kennurum. Einnig kemur reglulega leikskólaráðgjafi í leikskólann sem sér um eftirfylgni með börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. (3) Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir hvern nemenda sem hlýtur sérkennslu og sér deildarstjóri um að útbúa þær. Í skólanum eru jafnframt starfsmenn sem sinna sérkennslu sem viðkomandi deild hefur fengið úthlutað frá skólaskrifstofu vegna barna með sérþarfir undir umsjá deildarstjóra að sögn stjórnenda. Mynduð eru teymi í kringum barnið sem í sitja foreldrar, deildarstjóri, stuðningsfulltrúi ef við á, ásamt leikskólaráðgjafa. Á teymisfundum er farið yfir stöðuna bæði í leikskólanum og heima fyrir. Einstaklingsnámskrá er endurskoðuð eftir þörfum. Að auki leggur íþróttakennari *Mot-hreyfiþroskaprófið* fyrir þau börn í elsta árgangnum sem eru slök í grófhreyfingum. (4) Að sögn umsjónarmanns sérkennslu mætti

²⁷ Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

²⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

skerpa á verkferlum varðandi sérkennslu innan skólans, t.d. varðandi *Hljóm*, en þar megi bæta verkferla varðandi eftirfylgni. (42)

Sérkennsla er kynnt foreldrum og öðrum hluteigandi aðilum á foreldrafundum, á heimasíðu leikskólans, í skólanámskrá og svo sérstaklega þeim foreldrum sem þurfa á þjónustunni að halda að sögn stjórnenda, umsjónarmann sérkennslu og fulltrúa sveitarfélagsins. Að þeirra sögn er aðgengi foreldra að þjónustunni góð, ekki sé löng bið og sveigjanleiki sé til staðar. (8) (9) (6) (42) Foreldrar sögðust ekki fá almenna kynningu á sérkennslunni en hún sé kynnt fyrir foreldrum þeirra barna sem nýta þjónustuna. Upp hafi komið dæmi þar sem aðgengi að þjónustunni var ekki nógu gott. (14) Sátt ríkir meðal almenns starfsfólks um sérkennslu innan leikskólans en deildarstjórar og kennarar sögðu að ekki lægi fyrir hverjar starfslýsingar varðandi sérkennslu væru. Deildarstjórnir væru á eigin vegum við gerð einstaklingsnámskráa og ef þeir þyrftu aðstoð við gerð þeirra þá væri það innbyrðis á milli deildarstjóra. Þeir bæru einnig ábyrgð á framkvæmd sérkennslu og stuðnings. Þeir bentu þó á að starfsmaður væri búinn að vera á námskeiði varðandi verkferla við einstaklingsnámskrárgerð og ætlunin væri að hún kynnti efni þess innan leikskólans. (11) (12)

Fulltrúar sveitarfélagsins sögðu að margt væri gott í sérkennslumálum á Laut en mörgu væri líka ábótavant. Skortur væri á samræmingu og einblínt á stuðning við barn en á skorti stuðning við deild. Ekki sé nógu skýrt hver beri ábyrgð á sérkennslunni. Umsjónarmaður sérkennslu virki ekki eins og yfirmaður eða tengiliður heldur þjónusti eingöngu ákveðna hópa. Enginn einn aðili sé innan leikskólans sem hægt sé að leita til og taka ákvarðanir um hvernig skipuleggja eigi stuðning. Að þeirra sögn nýtist staða umsjónarmanns sérkennslu bæjarskrifstofunni ekki vel. Hann taki ekki þátt í teyrum og komi ekki að heildrænu skipulagi, áætlanagerð og eftirfylgni. (8) (9)

11.2. Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Aðgengi skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga að mati stjórnenda, umsjónarmann sérkennslu og fulltrúa sveitarfélagsins. [8] (9) (6) (42) Stoðþjónusta er á vegum Skólaskrifstofu Grindavíkur en þar er aðgangur að sálfræðingi, félagsráðgjafa og leikskólaráðgjafa. (7) Skv. stjórnendum, umsjónarmanni sérkennslu og fulltrúum sveitarfélagsins fær leikskólinn ráðgjöf um skólastarf frá sérfræðingum utan skólans sé óskað eftir því. [8] (9) (6) (42) Stjórnendur benda á að foreldrar og börn hafi aðgengi að þjónustu skólaskrifstofu í gegnum leikskólann. Þeir geti fengið viðtal bæði hjá leikskólaráðgjafa sem jafnframt er með fjölskylduráðgjöf og sálfræðingi sem gerir frumgreiningu. (6) Aðgengi barna og foreldra að sérkennslu er góð að mati umsjónarmanns sérkennslu, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins. [8] (9) (14) (42)

Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins er ekki kynnt fyrir foreldrum. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er í umbótaáætlun fyrir grunnskóla að gera kynningarbækling svo fólk

geti sótt sér upplýsingar um tilvísunarferlið. Sá bæklingur gæti einnig nýst leikskólastiginu. [8] (9) Að sögn stjórnenda og umsjónarmanns sérkennslu eru verkferlar hjá sveitarfélaginu í framhaldi af greiningu skýrir. (6) (42) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins mætti bæta þetta ferli. Greiningarferlið sé skýrt og skilafundur séu haldnir en ekki sé fast ferli um framhaldið. Að þeirra sögn er þjónusta sveitarfélagsins þó öflug og teymið breitt. [8] (9) Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæslu og að sögn stjórnenda kemur hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslunni í leikskólann á lögboðnum tímum og þroskaprófar börnin. Þeir benda á að gott aðgengi sé að hjúkrunarfræðingi og hann sé til taks varðandi ráðleggingar og ágætis eftirfylgni sé með málum. (6)

11.3. Mat úttektaraðila

- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Leikskólinn er hvattur til að umsjónarmaður sérkennslu virki sem yfirmaður en þjónusti ekki eingöngu ákveðna hópa. Hann taki þátt í teymisvinnu, komi að heildrænu skipulagi, áætlanagerð og eftirfylgni. Skoða þarf starfslýsingar umsjónarmanns sérkennslu. Nýta þarf stöðu sérkennslu betur í að taka ákvarðanir um hvernig skipuleggja eigi stuðning og sem tengiliðs milli leikskólans og skólaskrifstofu.
- Sérkennsla leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og öðrum hluteigandi aðilum á foreldrafundum á heimasíðu leikskólans, í skólanámskrá og svo sérstaklega þeim foreldrum sem þurfa á þjónustunni að halda.
- Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins er ekki kynnt fyrir foreldrum. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er í umbótaáætlun fyrir grunnskóla að gera kynningarbækling svo fólk geti sótt sér upplýsingar um tilvísunarferlið. Hvatt er til að sá bæklingur verði einnig nýttur fyrir leikskólastigið.
- Skoða þarf aðgengi foreldra að þeirri sérfræðiþjónustu sem leikskólinn veitir.
- Skoða má verkferla hjá sveitarfélaginu í framhaldi af greiningu Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins mætti bæta þetta ferli. Það er skýrt hvernig greiningarferlið er og skilafundur en ekki er fast ferli um framhaldið.
- Gott samstarf virðist vera milli leikskólans og heilsugæslu.

12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólustefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi²⁹.

Skortur hefur verið á ytra mati sveitarfélagsins á skólanum en það er nú í endurskoðun hjá bænum í tengslum við skólustefnu hans, að sögn stjórnenda. (6) Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er ekkert formlegt ytra mat framkvæmt af hálfu sveitarfélagsins en mat sveitarfélagsins á starfsemi skólans fari fram í gegnum fræðslunefnd en hún kalli eftir skýrslum frá skólanum s.s. sjálfsmatsskýrslu. [8] (9)

Áherslur sveitarfélagsins í rekstri leikskóla er, skv. fulltrúum þess, að *stýðjast við fjölbreyttar stefnur og rekstrarform og skila kátum leikskólabörnum og ánægðum foreldrum*. Einnig er aukin áhersla á útikennslu. [8] Rekstur skólans hafi gengið vel en skortur sé á faglegri og formlegri skýrslum og verkferlum svo auðveldara sé fyrir bæinn að leggja mat á faglegt starf innan leikskólans. Þó hafi þurft að fækka starfsmönnum eftir að álagsmat fór fram. Eftirlit og stuðningur sveitarfélagsins með skólanum fari aðallega í gegnum leikskólafulltrúa og snúi mest að sérkennslu en einnig stjórnunarlegum- og stefnumótunarþáttum. Einnig hafi fræðslunefnd eftirlit með leikskólanum með því að kalla eftir gögnum. Sveitarfélagið er ekki í samstarfi við önnur sveitarfélög um skóla. [8] (9)

Fulltrúar sveitarfélagsins sögðust vilja sjá leikskólann sem samheldinn og metnaðarfullan vinnustað, samstilltan öðrum stofnunum bæjarfélagsins, aukið flæði sé milli grunn- og leikskóla, aukið gegnsæi í vinnubrögðum, með góða sérfræðiþjónustu, einstaklingsmiðað nám, ánægð börn og foreldra ásamt aukinni áherslu á hreyfingu og hollan mat. [8] (9)

12.1. Mat úttektaraðila

- Formlegt ytra mat sveitarfélagsins er ekki framkvæmt á leikskólanum í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá 1999 eða 2011. Að mati úttektaraðila er ytra mat ófullnægjandi og mikilvægt að það verði bætt hið fyrsta.
- Ytra mat sveitarfélagsins hefur fyrst og fremst farið í gegnum fræðslunefnd en hún kallar eftir gögnum frá skólanum.
- Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins er skortur á faglegri og formlegri skýrslu og verkferlum frá stjórnendum leikskólans. Úttektaraðilar hvetja fulltrúa sveitarfélagsins til að leita leiða til að auðvelda stjórnendum þessa vinnu s.s. með sí-

²⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

og endurmenntun. Einnig að skýrt og skriflegt verði hvernig framsetning og innihald gagna eigi að vera sem skilað sé inn til sveitarfélagsins.

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Laut. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar, fulltrúar skólaskrifstofu og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

13.1. Styrkleikar og veikleikar

Tafla 5. Styrkleikar og veikleikar leikskólans.

Styrkleikar	Veikleikar
Starfsmenn upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur.	Leikskólinn uppfyllir ekki lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað. Ytra eftirlit og skoðanir eru ekki fullnægjandi.
Rýmingar- og viðbragðsáætlanir liggja fyrir.	Ekki ríkir sátt um stjórnun leikskólans.
Góð staðsetning leikskólans.	Eftirfylgni, skilvirkni og skipulag ekki fullnægjandi af hálfu stjórnenda.
Ábyrgðaskipting stjórnenda skýr.	Leikskólinn hefur ekki skilað ársskýrslu árið 2012.
Góð samvinna á milli stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins og skólinn staðist fjárhagsáætlanir.	Aðkoma foreldra að skólanámskrárgerð er óskýr. Aðgengi að skólanámskrá á heimasíðu er ekki nógu gott.
Skólanámskrá liggur fyrir.	Lágt hlutfall leikskólakennara.
Aðkoma starfsmanna við endurskoðun á nýrri skólanámskrá er skýr og fyrir liggur tímaáætlun.	Skortur á starfslýsingum fyrir öll störf og kynning á þeim. Verkaskipting og ábyrgðaskipting óljós meðal starfsmanna.
Uppbyggingarstefnan og tenging við grunnskólann.	Starfsmannastefna og starfsmannahandbók hefur ekki verið endurskoðuð reglulega né kynnt starfsfólki.
Grænfánaverkefnið	Ekki liggur fyrir skriflegt ferli um móttöku nýliða.
Sátt ríkir um dagskipulag.	Skortur er á að starfsmenn séu upplýstir um sí- og endurmenntunaráætlun og þeim gert kleift að koma að gerð hennar. Ónóg umræða er meðal starfsmanna um nám og kennsluaðferðir.
Lýðræðisleg áhrif barna töluverð.	Verkferlar um líðan barna eru ekki nógu skýrir og samræma þarf þá á milli deilda.
Vettvangsferðir og útinám	Verkferli vegna aga og hegðunarmála eru ófullnægjandi.
Skólaþróun er góð.	Skortur er á stefnu varðandi val á leikefni og efnivið. Þátttaka barna ekki nægileg.
Verkferlar vegna aðlögunar skýrir og skriflegir.	Leikskólinn hefur ekki sett sér nægilega skýr skrifleg námsmarkmið.
Reynslumiklir starfsmenn, gott viðmót starfsmanna, jákvæður skólabragur.	Kynning á jafnréttisstefnu ófullnægjandi og móttökuáætlanir vegna erlendra barna ónógar.

Styrkleikar	Veikleikar
Dátttaka og áhrif barna er góð.	Dátttaka og áhrif starfsmanna ekki næg.
Samvinna við foreldra og grenndarsamfélag góð.	Áætlunum og eftirfylgni eineltismála ábótavant. Ekki sátt um meðferð eineltismála.
Vægi frjálsa leiksins er nægjanlegt.	Aðkoma foreldra og vitneskja um foreldraráð ekki nægjanleg.
Virkt foreldrafélag.	Endurskoða þarf leiðir við upplýsingaflæði.
Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.	Umsjónarmaður sérkennslu virkar ekki sem yfirmaður og tengiliður milli leikskólans og skólaskrifstofu.
Stuðningur skólaskrifstofu er mjög góður.	Skortur á faglegum og formlegum skýrslum og verkferlum frá stjórnendum leikskólans. Ónógar leiðbeiningar um framsetningu og innihald gagna.
Gott samstarf virðist vera milli leikskólans og heilsugæslu.	Innra og ytra mat ófullnægjandi.

13.2. Ógnanir og tækifæri

Tafla 6. Ógnanir og tækifæri leikskólans.

Ógnanir	Tækifæri
Húsnæði leikskólans, s.s. hljóðvist.	Innleiðing á nýrri skólanámskrá.
Frekari niðurskurður.	Samræmd stefna á milli skólastiga og frekari vinna með Grænánaverkefnið.
Skortur á fagmenntuðu starfsfólki.	Samstaða náist um innleiðingu agakerfis.
	Samvinna milli Lautar og Króks (leikskólar sveitarfélagsins).
	Frekari notkun á tækni, s.s. spjaldtölvum.
	Umhverfi og náttúran í kringum leikskólann.
	Að sveitarfélagið leiti leiða til þess að fjölga fagmenntuðu starfsfólki.

13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

1. Sveitarfélagið framkvæmi ytra eftirlit á starfsemi skólans m.a. hafi eftirlit með því að skólinn uppfylli lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað.
2. Sveitarfélagið í samvinnu við stjórnendur skólans leiti leiða til að mynda sátt um stjórnun innan leikskólans.
3. Fulltrúar sveitarfélagsins aðstoði stjórnendur að stuðla að bættum stjórnunar- og starfsháttum. Mikilvægt er að sveitarfélagið setji skýrt fram viðmið um vinnubrögð og framsetningu gagna sem skilað sé til þess.
4. Leikskólanum verði skylt að skila ársskýrslu til sveitarfélagsins, sbr. lög
5. Leitað verði leiða til að auka hlutfall faglærðra starfsmanna.
6. Jafnréttisstefna sveitarfélagsins verði samþykkt og kynnt hluteigandi aðilum.
7. Fulltrúar sveitarfélagsins og stjórnendur skólans leiti leiða til að efla umsjónarmann sérkennslu í starfi svo hann geti starfað sem yfirmaður sérkennslu innan leikskólans og tengiliður hans við Skólaskrifstofu.
8. Leitað verði leiða til að húsnæði og aðbúnaður skólans uppylli kröfur starfsmanna og foreldra m.a. er varðar hljóðvist.
9. Sveitarfélagið leiti leiða svo niðurskurður hafi ekki áhrif á faglegt starf leikskólans.

13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

1. Stjórnendur leiti leiða til að eflast í starfi m.a. með því að auka eftirfylgni, skilvirkni og skipulag.
2. Allir verkferlar leikskólans verði endurskoðaðir, kynntir fyrir starfsmönnum og gerðir aðgengilegir.
3. Aðgengi og aðkoma foreldra að gerð skólanámskrá verði aukin.
4. Starfslýsingar verði til fyrir öll störf ásamt því að verka- og ábyrgðaskipting stjórnenda og starfsmanna verði kynnt og aðgengileg öllum starfsmönnum.
5. Starfsmannastefna og starfsmannahandbók verði endurskoðuð reglulega með aðkomu starfsfólks og kynnt þeim að vinnslu lokinni.
6. Skriflegt ferli verði um móttöku nýliða og barna af erlendum uppruna.
7. Starfsmenn verði betur upplýstir um sí- og endurmenntunaráætlun skólans ásamt því að þeim sé gert kleift að koma að gerð hennar.
8. Skólinn þarf að setja sér stefnu og val á leikefni og efnivið.
9. Leita þarf leiða til að auka þátttöku barna og starfsmanna í skólastarfinu.
10. Leikskólinn þarf að setja sér skýrari námsmarkmið sem liggja til grundvallar í innra mati. Ennfremur þarf að upplýsa starfsmenn um þau.

11. Koma þarf á verkferli um hvernig skólinn tekur á eineltismálum í samstarfi við hluthafandi aðila, upplýsa þá um hann og leita leiða til að koma á sátt um hvernig tekið sé á eineltismálum innan leikskólans.
12. Leita þarf leiða til að auka aðkomu foreldra að skólastarfinu ásamt því að upplýsa þá betur um hlutverk og skyldur foreldraráðs.
13. Endurskoða þarf leiðir við upplýsingaflæði.
14. Framkvæmd innra mats verði í samræmi við aðalnámskrá og lög. Skilgreina þarf ábyrgð starfsmanna og stjórnenda, útbúa skýra aðgerðaáætlun, kynna niðurstöður fyrir helstu hagsmunaaðilum og fylgja úrbótum eftir.

HEIMILDIR

1. *Ársáætlun 2012-2013*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
2. Saga leikskólans. [Á neti] Leikskólinn Laut. [Tilgreint: 4. apríl 2013.] <http://leikdal.simnet.is/Uppl%C3%BDsingar/saga%20leikskolans.htm>.
3. *Skólanámskrá Lautar*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
4. *Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans*.
5. Skólastefna Grindavíkurbæjar. [Á neti] 10. mars 2010. [Tilgreint: 8. apríl 2013.] http://www.grindavik.is/gogn/Skolastefna_Grindavikur_-_drog.pdf.
6. *Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra*.
7. Starfsáætlun 2012-2013. *Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans.
8. *Fundur með bæjarstjóra, sviðstjóra félagsþjónustu og fræðsluviðs og Fræðsluþjónustu Grindavíkur*.
9. *Fundur með fræðslunefnd*.
10. Fundargerðir fræðslunefndar Grindavíkurbæjar. [Á neti] [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://www.grindavik.is/cms.jsp>.
11. *Rýnihópur starfsmanna*.
12. *Fundur með deildarstjórum og kennurum*.
13. *Viðhorfskönnun meðal foreldra okt 2012-jan 2013*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
14. *Rýnihópur foreldra*.
15. *Aðalskodun BSI á leiksvæði Leikskólans Lautar*.
16. Samþykkt fyrir fræðslunefnd. [Á neti] [Tilgreint: 8. apríl 2013.] http://www.grindavik.is/gogn/2011/Samykkt_fyrir_Fraslunefnd_Grindavikurbajar.pdf.
17. Skipurit Leikskólinn Laut. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
18. Starfslýsing aðstoðarleikskólastjóra. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
19. Starfslýsing deildarstjóra. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
20. Starfslýsing leikskólakennara. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .

21. Starfslýsing leikskólastjóra. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
22. Starfslýsing sérkennslustjóra. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
23. *Ánægjukönnun meðal starfsfólks*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
24. Endurmat á starfsáætlun- ársskýrslu 2011-2012. [Á neti]. [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://leikdal.simnet.is/PDF%20-%20skj%C3%B6l/endurmat2012-laut-okt.pdf>.
25. Athugasemdir sveitarfélagsins og stjórnenda leikskólans við yfirllestur.
26. *Foreldrahandbók lautar*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
27. *Starfsaldur leikskólinn-menntun og kynjaskipting Laut. 2013*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
28. Starfsmannastefna Grindavíkurbæjar. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans.
29. Laut, Leikskólinn. Starfsmannahandbók. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
30. *Símenntunaráætlun 2012-2013*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
31. Heimasíða leikskólans Lautar. [Á neti] [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://leikdal.simnet.is/>.
32. *Rýnihópur barna*.
33. Upledger skólinn á Íslandi. [Á neti] [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://www.upledger.is/hjalparhendur.html>.
34. *Dagskema lýðræði og mannréttindi Laut*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
35. Jafnréttisstefna Leikskólans Lautar. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
36. Eineltisáætlun Leikskólans Lautar vegna nemenda. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
37. *Áætlun Lautar heilbrigði og velferð*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
38. *Dagskema jafnrétti og sjálfbærni Laut*. s.l.: Gögn send Attentus - mannaúður og ráðgjöf af stjórnendum leikskólans. .
39. Foreldraráð Lautar. [Á neti] Leikskólinn Laut. [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://leikdal.simnet.is/Foreldrar%C3%A1%C3%B0.htm>.
40. Leikskólinn Laut . [Á neti] Grindavíkurbær. [Tilgreint: 8. apríl 2013.] <http://www.grindavik.is/leikskolar>.

41. Fréttir - foreldrafélagið Laut. [Á neti] Leikskólinn Laut. [Tilgreint: 8. apríl 2013.]
<http://leikdal.simnet.is/Foreldraf%C3%A9lag/Foreldraf%C3%A9lag%20-%20fr%C3%A9ttir.htm>.
42. *Fundur með umsjónarmanni sérkennslu.*
43. Samningur vegna úttektar á leikskólanum Laut. Reykjavík: Námsmatsstofnun, 2013.
44. *Lög um leikskóla nr. 90/2008.*
45. *Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.*
46. *Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011. Aðalnámskrá leikskóla. .*

VIÐAUKAR

Viðauki 1 -Verkefnaáætlun Lautar 2012- 2013

Fjármagn	
Raunhæf fjárhagsáætlun	Forgangsráða verkefnum í fjárhagsáætlun
Ábyrgð nýting fjármuna	Nýta fjármuni og eigur leikskólans. Leitað tilboða hverju sinni, reynt að fá hagstæðari tilboð með magnkaupum. Endurnýting og endurvinnsla er mikilvægur þáttur sem bæði starfsmenn og nemendur tileinki sér.
Ferlar	
Virkt foreldrasamstarf	Boðið verði upp á heimsóknir á leikskólatíma líkt og tíðkast hefur í grunnskólanum
Öflugt upplýsingaflæði	Fréttir af skólastarfinu komi amk. einu sinni í viku á heimasíðu skólans, ýmsar tilkynningar sendar tölvupósti, einnig nýta upplýsingatöfluna í Rásinni.
Uppeldi til ábyrgðar	Uppbyggingarnefndin komi með amk. tvö til þrjú innslög í vetur til að vinna eftir sameiginlegri sýn kennara á stefnuna.
Þverfaglegt samstarf	Auka samvinnu innan skólans sem og utan. Aukin samvinna annarra leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.
Þjónusta	
Ánægðir nemendur og foreldrar	Hlusta á þarfir foreldra og nemenda
Uppeldi og menntun við hæfi hvers og eins	Reyna eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir hvers og eins. Gerð einstaklingsnámskrá ef þurfa þykir, talmeinafræðingur, ýmsir skimunarlistar. Tmt teymisfundir og samstarf við sérfræðiteymi Skólaskrifstofu.
Umhverfis- og heilsuvænn leikskóli	Hvert barn fari amk. einu sinni í viku í vettvangsferð allt árið um kring. Áframhaldandi vinna við umhverfismennt og sótt um Grænfanann voríð 2013. Boðið upp á heilsusamlegt fæði.
Mannauður	
Samábyrgð og stuðningur	Heimsóknir á milli heimastofa verða reglulega í vetur, bæði nemendur og starfsfólk.
Gleði, hlýja og virðing	Unnin verða verkefni tengd þessum hugtökum með börnunum og starfsmönnum
Virk sámenntun og starfsþróun	Virkja mannauðinn sem fyrir er. Hvetja til sámenntunnar bæði innan skóla og utan. Fræðslufyrirlestur amk. einu sinn á haustönn og einu sinni á vorönn.
Starfsánægja í hvetjandi starfsumhverfi	Lögð áhersla á opin og jákvæð samskipti á meðal starfsmanna. Óvæntar uppakomur verði innan skólans sem utan. Stefnt á námsferð vor 2013.
Stjórnun	Vinna betur með að dreifa stjórnun innan skólans. Betrumbæta deildarstjórahandbók sem fyrir er.

Viðauki 2– Helstu áhersluatriði úr skólastefnu Grindavíkur

Að í Grindavík verði heilstæð grunnmenntun á öllum stigum, að jafnræði ríki í aðgangi að námi og tengdri þjónustu, einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir, aukid samstarf skóla, skólastiga og nærsamfélagsins, að uppeldisstefna skólanna byggji á umhyggju fyrir öllu lífi, samúð og kærleika sem stuðli að umburðarlyndi, friði og samfélagi án ofbeldis, samþætting þekkingar, lífsgilda og almennan heilbrigðan lífsstíl í námi barna, virk tengsl milli heimilis og skóla ásamt sameiginlegri ábyrgð, starfsfólk upplifi starfsánægju, fái hvatningu og tækifæri til þess að auka færni sína, nemendum og starfsfólki verði tryggt heilnæmt starfsumhverfi og búnað sem að samræmist þörfum viðkomandi skólustarfs, áhersla á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og að nýtt verði sérstaða nánasta umhverfis til kennslu. (5)